

Nóvember 2022

# Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði

## Staða og áskoranir

Stjórnarráð Íslands

## Inngangur

**Vinna starfshóps**
**Samráð og samtöl við gerð skýrslu**
a) Fundir
b) Samráðsgátt

## 1 Áskoranir og tækifæri

**Lykilþættir**
c) Stækkun þjóðgarða og friðlýstra svæða

## 2 Viðhorf til friðlýstra svæða

a) Skoðanakönnun
b) Viðtöl við hagsmunaaðila
c) Viðhorf stjórnenda og lykilaðila

## 3 Friðlýst svæði á Íslandi

**a) Fjöldi svæða**
**b) Friðlýsingarflokkar**
**c) Íslenskir þjóðgarðar**
i) Stjórnsýsla og stjórnskipulag
ii) Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
iii) Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
iv) Vatnajökulsþjóðgarður
**d) Önnur víðáttumikil friðlýst svæði**
i) Friðland að Fjallabaki
ii) Friðlandið í Þjórsárverum
iii) Friðlandið í Vatnsfirði
iv) Friðlandið í Guðlaugstungum
v) Friðlandið á Hornströndum
vi) Friðlandið Lónsöræfi (Stafafellsfjöllum)
vii) Mývatn og Laxá
viii) Breiðafjörður
ix) Heimsminjaskrá UNESCO og jarðvangar
**e) Lög, stefnur, skipulag**
i) Lög um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni
ii) Lög um þjóðlendur
iii) Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins
iv) Landsskipulagsstefna
v) Svæðisskipulag suðurhálendisins
vi) Eignarréttur
vii) Nýting lands
**f) Fjárhagslegar upplýsingar**
**g) Gestir**
i) Fjöldi gesta
ii) Þjóðerni
iii) Talningastaðir
iv) Viðhorf og upplifun gesta
v) Almannaréttur
vi) Öryggismál
**h) Mannauður**
i) Fræðsla og miðlun upplýsinga
**i) Stjórnunar- og verndaráætlanir**
**j) Innviðir**
i) Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
**k) Alþjóðlegir náttúruverndarsamningar**
i) Bernarsamningurinn um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu
ii) Ramsar-samningurinn um vernd votlendissvæða
iii) Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni
iv) Samningurinn um vernd votlendisfarfugla og búsvæða þeirra
v) Landslagssamningur Evrópu

## 4 Nýting friðlýstra svæða

**a) Útivist og lýðheilsa**
i) Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
ii) Vatnajökulsþjóðgarður
**b) Hefðbundin landnýting**
i) Friðland að Fjallabaki
ii) Vatnajökulsþjóðgarður
**c) Landbúnaður**
i) Andakíll
ii) Landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stórurð
**d) Orkuvinnsla**
i) Kerlingarfjöll
ii) Reykjanesfólkvangur
**e) Ferðaþjónusta**
i) Þingvallaþjóðgarður
ii) Vatnajökulsþjóðgarður
**f) Hlunnindi**
i) Látrabjarg
ii) Gerpissvæðið
**g) Vísindarannsóknir**
i) Surtsey
ii) Vatnajökulsþjóðgarður
**h) Nýting í hafi**
i) Breiðafjörður
ii) Látrabjarg
**i) Kvikmyndagerð**

## 5 Efnahagslegur ávinningur friðlýstra svæða

**Lokaorð**
**VIÐAUKI I: Viðtöl við lykilaðila**
**VIÐAUKI II: Viðmælendur í djúpviðtölum Maskínu**
**VIÐAUKI III: Landshlutakort**
**VIÐAUKI IV: Framlög úr landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum**

---

Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði

Unnið af starfshóp um stöðu og áskoranir í þjóð-görðum og friðlýstum svæðum

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1 – 101 Reykjavík
5458600 I urn@urn.is

Útgefandi: Stjórnarráð Íslands

Textavinnsla: Stjórnarráð Íslands

Umbrot: Hilmar Hilmarsson og
Arndís Lilja Guðmundsdóttir

Prófarkarlestur: Berglind Steinsdóttir

Kort og kortagerð: Landmælingar Íslands.

Forsíðumynd: Askja og Öskjuvatn (Vatnajökuls-þjóðgarður, Helga Hvanndal Björnsdóttir).

Nóvember 2022, ©Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-9659-7-4 (rafræn útgáfa)
ISBN 978-9935-9659-8-1 (prentuð útgáfa)

05 Inngangur

09 Áskoranir og tækifæri



17 Viðhorf til friðlýstra svæða



21 Friðlýst svæði á Íslandi



47 Nýting friðlýstra svæða

53 Efnahagslegur ávinningur friðlýstra svæða






*Ljósmynd: Rauðufossar í Friðlandi að Fjallabaki (Umhverfisstofnun, Þórdís Björt Sigþórsdóttir).*



# Inngangur

Á Íslandi eru rúmlega 130 friðlýst svæði, þar af þrír þjóðgarðar. Svæðin eru undir stjórn þriggja stofnana og umsjón með svæðunum og stjórnfyrirkomulag á þeim er því með ólíkum hætti. Heildarflatarmál friðlýstra svæða á Íslandi er um 23.500 km².

Á undanförnum árum hefur farið fram umræða um tækifæri og áskoranir sem fylgt geta því að friðlýsa landsvæði á Íslandi. Umræðan hefur átt sér stað á sama tíma og heimsóknum gesta á friðlýst svæði hefur fjölgað mikið með tilheyrandi álagi á náttúru og innviði svæðanna.

Ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa sett sér þau markmið að efla friðlýst svæði á Íslandi, auk þess sem þær hafa lagt áherslu á aukna vernd miðhálendisins í stefnuskrám sínum. Samhliða umræðu um stöðu friðlýstra svæða hafa komið fram sjónarmið um aukna samþættingu og samræmingu stofnana sem hafa umsjón með svæðunum.

Til að fá skýrari mynd af stöðunni skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra starfshóp hinn 6. maí 2022 sem falið var að vinna skýrslu um stöðu og áskoranir í þjóðgörðum og á öðrum friðlýstum svæðum.

**Starfshópurinn var skipaður eftirtöldum aðilum:**

Árni Finnsson, formaður,

Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir,

Sveinbjörn Halldórsson.

Með hópnum störfuðu Magnús Guðmundsson og Steinar Kaldal, starfsmenn umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Í skýrslunni er fjallað um svæði sem hafa verið friðlýst samkvæmt íslenskum lögum um náttúruvernd og önnur náttúruverndarsvæði sem friðlýst hafa verið með sérlögum. Verkefni hópsins var ekki að fjalla um friðaðar eða friðlýstar fornminjar eða verndarsvæði í byggð sem eru í umsjón Minjastofnunar, en þó er ljóst að tækifæri liggja í samræmingu þessara mála þar sem slíkar minjar má oft finna innan friðlýstra náttúruverndarsvæða.

Við gerð skýrslunnar var m.a. notast við gögn af heimasíðum þeirra stofnana sem hafa umsjón með friðlýstum svæðum á Íslandi: Umhverfisstofnun – www.ust.is , Vatnajökulsþjóðgarður – www.vatnajokulsthjodgardur.is, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum – www.thingvellir.is.

# Vinna starfshóps

Megináhersla hópsins samkvæmt skipunarbréfi var á þjóðgarða landsins og stærri friðlýst svæði með áherslu á eftirfarandi lykilþætti:

1. Að fá heildaryfirlit um málaflokkinn, s.s. varðandi almennar fjárhagslegar upplýsingar og tölfræði, s.s. varðandi gestafjölda, störf, stöðu stjórnunar- og verndaráætlana, stöðu og áætlanir um uppbyggingu innviða og skipulag stofnana sem reka svæðin. Einnig að draga fram kort sem sýna m.a. legu svæðanna, vegakerfi, staðsetningu mannvirkja og helstu áfangastaði.
2. Að draga saman upplýsingar og kortleggja hverjir nýta svæðin og hvernig, s.s. á sviði ferðaþjónustu.
3. Að afla gagna og heimilda um efnahagslegan ávinning með áherslu fyrir atvinnulífið.
4. Að láta kanna viðhorf ýmissa hópa í samfélaginu gagnvart þjóðgörðum og friðlýstum svæðum með skoðanakönnunum og djúpviðtölum við lykilaðila.
5. Að láta kanna viðhorf lykilstarfsmanna sem starfa í stofnunum sem tengjast rekstri þjóðgarða og friðlýstra svæða gagnvart þjóðgörðum og friðlýstum svæðum.
6. Að setja fram þær áskoranir sem stjórnvöld standa frammi fyrir gagnvart stækkun þjóðgarða og fjölgun friðlýstra svæða.

Skýrslu starfshópsins er ætlað að varpa ljósi á stöðu friðlýstra svæða á Íslandi og þær áskoranir sem stjórnvöld standa frammi fyrir vegna þeirra. Við gerð skýrslunnar var byggt á gögnum og rannsóknum sem fyrir liggja, auk ýmissa ábendinga frá þeim sem mættu á fund starfshópsins eða sendu inn upplýsingar. Í skýrslunni er ekki tekin afstaða til þess hvort eða hvernig eigi að friðlýsa fleiri svæði á Íslandi eða hvort stækka ætti núverandi þjóðgarða eða stofna nýja. Ekki er heldur tekin afstaða til eftirfarandi áforma sem fram koma í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar:

**„Stofnaður verður þjóðgarður á þegar friðlýstum svæðum og jöklum á þjóðlendum á hálendinu með breytingu á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð. Áhersla verður lögð á samtal og samvinnu við heimamenn og svæðisráðum fjölgað. Um atvinnustarfsemi í nýjum þjóðgarði fer samkvæmt lögum um Vatnajökulsþjóðgarð sem eru í samræmi við meginreglur nýrra laga um atvinnustarfsemi í landi ríkisins.“**



*Ljósmynd: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Einar Á. E. Sæmundsen).*

# Samráð og samtöl við gerð skýrslu

## Fundir

Starfshópurinn fundaði með 28 aðilum, auk þess sem djúpviðtöl voru tekin við valda lykilaðila (sjá kafla 2). Fyrir fundina voru verkefni hópsins kynnt viðmælendum og þeir beðnir um að velta sérstaklega fyrir sér áskorunum sem þeir sæju hægt að takast á við á friðlýstum svæðum í dag og hvaða áskoranir gætu að þeirra mati komið upp við fjölgun eða stækkun friðlýstra svæða. Þessir fundir eru undirstaða fyrsta kafla skýrslunnar um áskoranir og tækifæri friðlýstra svæða.

## Samráðsgátt

Þau atriði sem rædd eru í kafla eitt um áskoranir og tækifæri friðlýstra svæða byggja eins og áður segir á viðtölum og fundum við Samband íslenskra sveitarfélaga, stofnanir, fjölmarga hagaðila og lykilaðila. Þrátt fyrir að samráð hafi verið haft við þessa aðila í vinnunni, óskað eftir ábendingum þeirra og þær svo settar fram í kafla eitt þá taldi hópurinn mikilvægt að þær upplýsingar sem koma þar fram yrðu sett í frekara samráð. Drög að kafla eitt voru því sett í Samráðsgátt stjórnvalda í tvær vikur, 07.10.2022–21.10.2022, og óskað eftir umsögnum. Samtals bárust 27 umsagnir sem nýttust við útfærslu kafla eitt. Allar umsagnir sem bárust má finna á vefsíðu Samráðsgáttarinnar.[1]

---

1 *https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3301#advices*



*Ljósmynd: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Ármannsfell í baksýn (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Einar Á. E. Sæmundsen).*



1

# Áskoranir og tækifæri

Helsta verkefni starfshópsins var að eiga samtal við og kalla eftir upplýsingum frá hagaðilum og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga um viðhorf til þjóðgarða og friðlýstra svæða, þær áskoranir sem stjórnvöld standa, að þeirra mati, frammi fyrir á friðlýstum svæðum og mögulegar áskoranir við stækkun þjóðgarða og fjölgun friðlýstra svæða. Til að draga fram þessi atriði voru tekin viðtöl við fjölmarga hagaðila, stofnanir og einstaklinga, fundað með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tekin djúpviðtöl við lykilaðila og viðhorf könnuð hjá lykilstarfsmönnum þeirra stofnana sem tengjast rekstri friðlýstra. Einnig var gerð viðhorfsskönnun meðal almennings á Íslandi með netkönnun fyrirtækisins Maskínu þar sem m.a. var spurt hvort friðlýsa eigi fleiri svæði og könnuð viðhorf til gjaldtöku.

Samráðið varpaði ljósi á ýmsar áskoranir sem fengist er við á friðlýstum svæðum á Íslandi. Einnig leiddi það til þess að umræða skapaðist um möguleg tækifæri og úrbætur.

Það er mikilvægt að taka fram að samtöl við viðmælendur starfshópsins og gögn sem bárust starfshópnum sýna að margt gengur vel í rekstri friðlýstra svæða og margir góðir áfangar hafa náðst undanfarin ár með betri mönnun starfseminnar og uppbyggingu margvíslegra innviða.

Eftirfarandi kafli varpar ljósi á helstu áskoranir sem blasa við viðmælendum starfshópsins. Þá er einnig minnst á tækifæri til úrbóta og ábendingar sem nefndar voru samhliða umræðum um áskoranir.

Lykilþættir









## STJÓRNSKIPULAG STOFNANA OG SAMRÆMING STJÓRNSÝSLU

- **Hlutverk, verkefni og verklag Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs, sem reka þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, er ólíkt og stundum er verkaskipting óljós.**

  → Samræma þarf stjórnsýslu og stjórnskipulag þeirra stofnana sem reka friðlýst svæði og bæta og einfalda fyrirkomulag þjónustu við þá sem nýta sér svæðin til útivistar eða í atvinnuskyni.

- **Mismunandi leiðir eru farnar við gjaldtöku á friðlýstum svæðum á Íslandi, m.a. hvað varðar þjónustugjöld og gjöld vegna viðburða. Ógagnsæi er til staðar og ferli ekki skýr, m.a. vegna umsókna um viðburði.**

  → Einfalda þarf stjórnsýslu vegna gjaldtöku og leyfismála, m.a. með samstilltri gjaldtöku og betur útfærðri skilgreiningu viðburða þar sem lögð væri áhersla á stærri viðburði.

- **Ferli leyfisveitinga vegna atvinnustarfsemi á friðlýstum svæðum er flókið og ógagnsætt.**

  → Sameina þarf ferli allra leyfisveitinga vegna atvinnustarfsemi á friðlýstum svæðum á Íslandi í eina stafræna gátt.

  → Samræma þarf atvinnustefnu og leyfisgjöld vegna atvinnustarfsemi á öllum friðlýstum svæðum.

  → Gera þarf átak við að kynna skilmála og lög sem gilda um atvinnustarfsemi á öllum friðlýstum svæðum.

## MERKINGAR OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

- **Merkingar og upplýsingamiðlun eru ekki samræmdar á friðlýstum svæðum á Íslandi (vegmerkingar, skilti, heimasíður, samfélagsmiðlar o.fl.) og í sumum tilfellum eru merkingar fráhrindandi (gjaldtökuskilti).**

  → Til framtíðar þarf að samræma aðkomuskilti, vegmerkingar, fræðsluskilti og upplýsingagjöf til gesta sem koma á friðlýst svæði til að bæta upplifun og miðla nauðsynlegum upplýsingum til þeirra. Nýta ætti samstarfsverkefnið *Góðar leiðir* við þá vinnu.[2]

  → Leggja ætti aukna áherslu á að upplýsingar og fræðsla til ferðamanna verði á stafrænu formi.

## FJÁRMÖGNUN OG GJALDTAKA

- **Á mörgum friðlýstum svæðum eru framlög naumt skömmtuð til landvörslu og annars rekstrar.**

  → Vinna þarf áætlun nokkur ár fram í tímann um mannaflaþörf vegna rekstrar friðlýstra svæða á grundvelli þjónustustigs hvers svæðis og áætlana um fjölgun ferðamanna.

  → Móta þarf stefnu um gjaldtöku á friðlýstum svæðum á Íslandi. Tryggja þarf heimildir til að tekjur af gjaldtöku gesta megi nýta bæði til að veita þjónustu og til uppbyggingar og viðhalds mannvirkja.[3]

## EFNAHAGSLEG ÁHRIF

- **Ferðamenn sem heimsækja friðlýst svæði leggja út í kostnað við að komast á svæðin og greiða fyrir þjónustu og vörur á svæðunum eða í nágrenni þeirra. Rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar á Íslandi benda til þess að hagræn áhrif af rekstri þjóðgarða og friðlýstra svæða séu veruleg.**

  → Efla þarf og styðja við rannsóknir á efnahagslegum áhrifum friðlýstra svæða og þjóðgarða, sem m.a. kanna áhrif á nærsamfélög.

*2. https://godarleidir.is/*
*3 Gjöld sem innheimt eru af hinu opinbera á friðlýstum svæðum eru nýtt til að standa undir kostnaði við tiltekna þjónustu. Lög heimila ekki að þau séu nýtt til fjárfestinga eða innviðauppbyggingar.*

## UPPBYGGING INNVIÐA Á FRIÐLÝSTUM SVÆÐUM



- **Þrátt fyrir að fjármagn til uppbyggingar innviða á friðlýstum svæðum hafi aukist mikið með tilkomu landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er enn í dag þörf á að flýta uppbyggingu innviða á friðlýstum svæðum vegna vaxandi fjölda gesta. Í því samhengi þarf að huga að aðgengi fyrir alla. Stjórnvöld þurfa að móta stefnu um framkvæmdir á friðlýstum svæðum, m.a. til að koma í veg fyrir að verndargildi svæða verði ógnað með of áberandi mannvirkjum.**

  → Vinna þarf langtímaáætlun í samvinnu við sveitarfélögin og hagaðila um uppbyggingu og viðhald innviða á friðlýstum svæðum.

  → Taka þarf tillit til vinnu við Áfangastaðaáætlanir[4] þegar unnið er að stefnumótun um uppbyggingu innviða á friðlýstum svæðum.



  → Sérstaklega þarf að huga að kostnaðarsömum salernis- og frárennslismálum á viðkvæmum svæðum.

  → Tryggja þarf eins og kostur er að fötluðu fólki sé ekki mismunað um þjónustu og aðgengi að þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum.

## VIÐHALD NÁTTÚRULEGRA GÆÐA FRIÐLÝSTRA SVÆÐA

- **Friðlýsingar svæða geta leitt til aukinnar aðsóknar. Aukinn ágangur getur raskað náttúrulegum gæðum þeirra og truflað upplifun gesta. Víða er óljóst hver þolmörk friðlýstra svæða eru.**

  → Efla þarf rannsóknir á þolmörkum friðlýstra svæða hvað varðar þolmörk náttúrunnar, þolmörk innviða og þolmörk upplifunar gesta.

- **Undanfarin ár hefur erlendum ferðamönnum fjölgað mikið á Íslandi að undanskildum árunum 2020 og 2021. Stofnanir sem hafa umsjón með friðlýstum svæðum hafa í kjölfar aukinnar ásóknar ferðamanna á friðlýst svæði lagt æ meiri áherslu á stýringu ferðamanna með fræðslu og uppbyggingu innviða. Hins vegar er þörf á að kanna hvaða frekari leiðir eru færar til að stýra fjölda gesta á vinsælum áfangastöðum og koma í veg fyrir að íslenskir ferðamenn forðist að heimsækja svæðin.**

  → Hefja þarf vinnu á vegum stjórnvalda (ríkis og sveitarfélaga) í samvinnu við ferðaþjónustuna við að skilgreina leiðir til að stýra álagi á vinsælum ferðamannastöðum.

- **Skortur er á ýmsum innviðum á friðlýstum svæðum og oft liggur ekki fyrir heildstætt skipulag eða framtíðarsýn um nýtingu þeirra.**



  → Gera þarf sérstakt átak við að ljúka stjórnunar- og verndaráætlunum þegar friðlýstra svæða.[5]

  → Samhliða friðlýsingarferli nýrra svæða þarf að vinna að skipulagi og kostnaðarmati vegna innviða ásamt stjórnunar- og verndaráætlun.

## LAGAUMGJÖRÐ

- **Samspil ákvæða náttúruverndarlaga og annarrar löggjafar á því sviði er oft og tíðum óljóst. Á þetta t.d. við um sérlög um Vatnajökulsþjóðgarð, Þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndarsvæði Mývatns og Laxár og verndarsvæði Breiðafjarðar. Jarðvangar heyra ekki undir lög um náttúruvernd heldur heyra undir verkefni íslensku UNESCO nefndarinnar og ráðuneyti menningarmála.**

  → Vinna þarf að því að samræma og endurskoða löggjöf á sviði náttúruverndar.

  → Skoða ætti kosti og galla þess að fella jarðvanga undir svið umhverfismála á landsvísu.

---

*4. Áfangastaðaáætlun er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis*

*5 Samkvæmt lögum um náttúruvernd skal tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar.*

- **Ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015 en nokkur ákvæði þeirra hafa ekki náð fram að ganga, s.s. ákvæði um að leggja fram framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, sem byggir á mati á líffræðilegri fjölbreytni, og ákvæði um vegaskrá.[6]**
  - → Til að átta sig á umfangi þeirra svæða sem gætu endað á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er mikilvægt að tillögur um svæðin fái stjórnsýslulega meðferð og að Alþingi geti að lokum tekið ákvörðun um hvaða svæði verði sett á framkvæmdaáætlun.
  - → Huga þarf að endurskoðun eldri friðlýsingaskilmála samanber ákvæði til bráðabirgða í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.



- **Árið 2021 tóku gildi lög um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni. Lögin ná til alls lands í eigu íslenska ríkisins og skapa þau möguleika á samræmdri framkvæmd fyrir landið allt. Lögin fela í sér möguleika til að taka gjald af þeim sem nýta land ríkisins í atvinnuskyni og verja þeirri gjaldtöku til uppbyggingar innviða.**
  - → Framkvæma ber ofangreind lög með skilvirkum hætti á friðlýstum svæðum.
  - → Virða ber lögvarinn rétt nytjaréttarhafa til bæði grasnytja og veiðinytja á friðlýstum svæðum.



- **Friðlýsingarskilmálar geta verið íþyngjandi. Huga þarf að málefnalegum rökum fyrir ákvæðum skilmálanna.**
  - → Mikilvægt er að huga vel að orðalagi friðlýsingarskilmála. Ef markmiðum friðlýsingar er ekki beint að því að banna ákveðnar athafnir sem fjallað er um í skilmálunum gæti texti skilmálanna vísað í almenn lög um takmarkanir þessara athafna í stað þess að tiltaka að athafnirnar séu óheimilar.

## KORTLAGNING ÓBYGGÐRA VÍÐERNA

- **Mismunandi skilningur er á hugtakinu óbyggð víðerni sem getur skapað ágreining og haft áhrif á skilgreiningu friðlýstra svæða.**
  - → Ljúka þarf sem fyrst vinnu við kort með upplýsingum um óbyggð víðerni til upplýsinga fyrir stjórnvöld við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun.[7]



## ALMANNARÉTTUR

- **Í lögum um náttúruvernd eru ákvæði um almannarétt sem fjalla um rétt almennings til frjálsrar farar um landið. Vaknað hafa spurningar og stundum deilur um gildi almannaréttar þegar honum er beitt í atvinnuskyni.**
  - → Þörf er á því að stjórnvöld taki upp vinnu við að yfirfara og skilgreina betur almannarétt í náttúruverndarlögum.



## AÐKOMA NÆRSAMFÉLAGA

- **Ólíkt er eftir umsjónarstofnunum og svæðum hvernig samvinnu við nærsamfélög og hagaðila er háttað á friðlýstum svæðum. Þingvallaþjóðgarði er stýrt af Þingmannanefnd, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli er stýrt af Umhverfisstofnun sem fær ráðgjöf þjóðgarðsráðs og í Vatnajökulsþjóðgarði eru fjögur svæðisráð þar sem sitja m.a. fulltrúar sveitarfélaga og hagsmunasamtaka á svæðinu.**
  - → Styrkja þarf tengsl við sveitarfélög, nærsamfélög, hagaðila og atvinnulíf á og í grennd við friðlýst svæði með aukinni aðkomu að umsjón, ákvarðanatöku og rekstri friðlýstra svæða, s.s. með gerð samninga um umönnun.[8]

---

*6 Sjá lykilþátt um vegaskrá og akstur utan vega.*
*7 Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í náttúruverndarlögum skal fyrstu kortlagningu óbyggðra víðerna alls landsins skv. 73. gr. a vera lokið fyrir 1. júní 2023.*
*8 Sem dæmi getur Umhverfisstofnun skv. 39. gr. náttúruverndarlaga samið við landeiganda, sveitarfélag, rétthafa lands, náttúru- og umhverfisverndarsamtök eða lögaðila um að hann taki þátt í umönnun friðlýsts svæðis með því að annast þar tilteknar aðgerðir gegn þóknun.*







## BYGGÐAMÁL OG ATVINNUUPPBYGGING

- **Ýmis tækifæri felast í friðlýsingu svæða, m.a. með auknum atvinnutækifærum víða um land. Þrátt fyrir það er mikill skortur á íbúðarhúsnæði í grennd við vinsæla áfangastaði á friðlýstum svæðum sem kemur í veg fyrir að starfsmenn geti átt þar heimili.**

  → Kortleggja þarf eftirspurn og framboð á íbúðarhúsnæði í grennd við friðlýst svæði á landsbyggðinni.

  → Skapa þarf farveg fyrir samvinnu ríkis og sveitarfélaga fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í grennd við stóra vinnustaði á friðlýstum svæðum.

## SJÁLFBOÐALIÐAR

- **Hefð er fyrir störfum sjálfboðaliða í náttúru Íslands. Óvissa er um hvaða reglur gilda um slíka vinnu og félagasamtök sem vilja bjóða fram krafta sína í sjálfboðaliðaverkefni á friðlýstum svæðum eiga erfitt með að nálgast upplýsingar um slík verkefni.**

  → Móta þarf leikreglur og yfirlit um sjálfboðliðaverkefni á friðlýstum svæðum á Íslandi.

## ÖRYGGI FERÐAMANNA OG STARFSMANNA

- **Öryggismál eru mikilvægt og viðvarandi viðfangsefni á friðlýstum svæðum og á það bæði við um öryggi gesta og starfsmanna svæðanna. Verkefnin Safetravel og Hálendisvakt Landsbjargar eru dæmi um vel heppnuð samstarfsverkefni á þessu sviði. Aðstaða sjálfboðaliða er áskorun og ekki viðunandi á sumum stöðum.**

  → Mikilvægt er að meta með heildstæðum hætti hvernig öryggismálum er best háttað á og við friðlýst svæði með sérstakri áherslu á þau svæði þar sem langt er í viðbragðsaðila eins og lögreglu og sjúkralið.

  → Samræma þarf fjarskiptamál viðbragðsaðila, landvarða og annarra í þessum málum til að tryggja betur öryggi ferðamanna.

  → Nýta ætti betur stafrænt form í að koma upplýsingum til ferðamanna um öryggismál.

  → Efla þarf samstarf viðbragðsaðila og þeirra sem reka friðlýst svæði.

## VEGASKRÁ UM VEGI Í NÁTTÚRU ÍSLANDS OG AKSTUR UTAN VEGA

- **Lengi hefur ríkt óvissa um vegakerfi í óbyggðum, þ.e. hvaða leiðir er heimilt að aka. Orðalag lagaákvæða og reglugerðar um vegaskrá flækja framkvæmd skráningar vega.**

  → Mikilvægt er að auka fræðslu og kröfur til bílaleiga og ökumanna um akstur í náttúru Íslands.

  → Setja þarf í forgang vinnu við að sveitarfélög leggi fram, í samráði við viðeigandi stofnanir og hagaðila, tillögur um ökuleiðir í náttúru Íslands, m.a. innan friðlýstra svæða, sem svo skal birta sem auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.[9]

  → Greina þarf ástand og tjón af völdum utanvegaaksturs í náttúru Íslands.

## KOMUR SKEMMTIFERÐASKIPA

- **Álagstoppar/tarnir á friðlýstum svæðum vegna komu farþega skemmtiferðaskipa, sem og landtaka skemmtiferðaskipa við friðlýst svæði, eru áskorun.**

  → Nauðsynlegt er að sveitarfélög og viðeigandi ríkisstofnanir vinni saman að umgjörð og reglum er varða móttöku gesta skemmtiferðaskipa á friðlýst svæði.

*9 Sjá 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd.*

### UMSJÓN VEGA Á FRIÐLÝSTUM SVÆÐUM

- **Þrátt fyrir að samstarf umsjónarstofnana friðlýstra svæða og Vegagerðarinnar hafi gengið vel er aðkoma Vegagerðarinnar að umfjöllun um vegi í hennar umsjá, sem eru innan friðlýstra svæða, ekki nógu skýr.**

  → Formgera þyrfti aðkomu Vegagerðarinnar að þessum málum þannig að samráðið sé í föstum skorðum, þar með talið þarf að skýra ábyrgð á veghaldi leiða sem liggja að friðlýstum svæðum.

### TRAUST

- **Traust á milli hinna ýmsu hagaðila og stjórnvalda hefur á stundum ekki verið nægjanlegt vegna áforma um friðlýsingar eða innleiðingar á regluverki, gjaldtöku eða uppbyggingu innviða.**

  → Vinna þarf að því að byggja upp traust til að ná góðri sátt á milli allra sem koma að friðlýstum svæðum, þar með talið þeirra sem hafa umsjón með friðlýstum svæðum, landeigenda, þeirra sem nýta sér þau í atvinnuskyni, þeirra sem vilja njóta svæðanna, þeirra sem eiga þar óbein eignaréttindi og annarra hagaðila.

## Stækkun þjóðgarða og friðlýstra svæða

Í viðtölum við lykilaðila (VIÐAUKI I) um mögulega stækkun friðlýstra svæða komu fram ábendingar um kosti og áskoranir sem gætu fylgt stækkunum þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Þar voru m.a. nefnd ákveðin svæði sem þyrfti að friðlýsa, stækka friðlýsingu á eða færa undir þjóðgarð, s.s. stækka Friðland að Fjallabaki til norðausturs, laga mætti mörk Þjóðgarðsins á Þingvöllum og stækka til norðurs, friðlýsa allt Torfajökulssvæðið, svæðið í kringum Heklu, sunnanverða Vestfirði, og að báðir bakkar Jökulsárgljúfra yrðu verndaðir. Þá var einnig nefnt að stækka mætti friðlýst svæði á miðhálendinu, ná utan um miðhálendið svo heildarsýn næðist, en jafnframt var tekið fram að það væri pólitísk ákvörðun og hætta væri á að það yrði bútasaumur. Fram komu efasemdir um stækkanir hjá sumum, nauðsynlegt væri að sinna núverandi svæðum betur og horfa til minni svæða í stað t.d. þjóðgarðs á hálendinu. Þá komu fram sjónarmið um að einingar friðlýstra svæða þyrftu frekar að vera smáar svo þau gætu verið í umsjón nærsamfélagsins.

Hvað varðar lykilatriði við mögulega stækkun þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða kom fram að fjármagn þyrfti að fylgja stækkunum og að samráð væri útgangspunktur ef stækka ætti svæði. Einnig þyrfti góða upplýsingagjöf um ástæðu þess að stækka svæði. Þá var nefnt að mismunandi stjórnfyrirkomulag friðlýstra svæða væri áskorun, og að samræming þar væri mikilvæg. Viðhald innviða væri áskorun í dag og yrði það áfram og í því samhengi vantaði heildarsýn. Auk þess lægi ekki fyrir stefna ríkisins varðandi gjaldtöku á svæðunum.



*Ljósmynd: Látrabjarg (Umhverfisstofnun, Þórdís Björt Sigþórsdóttir).*



*Ljósmynd: Í grennd við Drekagil í Vatnajökulsþjóðgarði (Vatnajökulsþjóðgarður, Stefanía Eir Vignisdóttir).*



2

# Viðhorf til friðlýstra svæða

## Skoðanakönnun

Starfshópurinn taldi mikilvægt að fá fram viðhorf landsmanna til þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Í samvinnu við Maskínu var framkvæmd skoðanakönnun. Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu. Svarendur voru 18 ára og eldri af öllu landinu. Við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspegli þjóðina út frá kyni, aldri, búsetu og menntun. Könnunin fór fram 16.–23. júní 2022 og voru svarendur 888 talsins.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeim fyndist vel eða illa staðið að verndun náttúru Íslands, hvort ætti að friðlýsa fleiri eða færri svæði eða hvort staðan væri hæfileg eins og hún er í dag, hvort þeir væru fylgjandi eða andvígir gjaldtöku fyrir þjónustu á helstu ferðamannastöðum á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum og hvort þeir væru fylgjandi eða andvígir gjaldtöku fyrir aðgengi að helstu ferðamannastöðum á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum. Þá voru þeir spurðir hvort þeir gætu nefnt eitt eða fleiri friðlýst svæði í sínum landshluta og hversu oft þeir hefðu heimsótt íslensku þjóðgarðana.

Helstu niðurstöður könnunarinnar má finna á næstu síðu.

### Er almennt vel eða illa staðið að verndun náttúru Íslands?




### Ætti að friðlýsa fleiri eða færri svæði eða er friðlýsing hæfileg?




### Fylgjandi eða andvíg(ur) gjaldtöku fyrir þjónustu á helstu ferðamannastöðum á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum?




### Fylgjandi eða andvíg(ur) gjaldtöku fyrir aðgengi að helstu ferðamannastöðum á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum?




### Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Tíðni heimsókna




Jákvæðni eftir tíðni heimsókna




### Vatnajökulsþjóðgarður

Tíðni heimsókna




Jákvæðni eftir tíðni heimsókna




### Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Tíðni heimsókna




Jákvæðni eftir tíðni heimsókna




### Finnst þér almennt vel eða illa staðið að verndun náttúru Íslands?




### Telur þú að þjóðgarðar hafi mikið eða lítið aðdráttarafl fyrir Ísland meðal erlendra ferðamanna?



## Viðtöl við hagsmunaaðila

Tekin voru viðtöl við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga,[10] fulltrúa vegna samstarfs um Svæðisskipulag Suðurhálendis[11] auk eftirfarandi aðila:

| Stofnanir /fyrirtæki | Félagasamtök | Sérfræðingar /einstaklingar |
|---|---|---|
| Landgræðslan | Bændasamtökin | Anna Dóra Sæþórsdóttir, prófessor í ferðamálafræði við HÍ. |
| Skógræktin | Samtök ferðaþjónustunnar | Jón Geir Pétursson, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ. |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Ferðafélag Íslands | Snorri Ingimarsson, áheyrnarfulltrúi SAMÚT í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. |
| Vatnajökulsþjóðgarður | Ferðafélagið Útivist | Jukka Siltanen, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ. |
| Landsvirkjun | Landvernd | Árni Stefánsson, formaður hellaverndunarnefndar Hellarannsóknafélags Íslands. |
| Umhverfisstofnun | Félag húsbílaeigenda | |
| Náttúrufræðistofnun Íslands | Samtök ungra umhverfissinna | |
| Vegagerðin | Ferðaklúbburinn 4x4 | |
| | SAMÚT-Samtök útivistarfélaga | |
| | Landvarðafélagið | |
| | Fetar | |
| | Landsbjörg | |
| | Landssamtök landeigenda | |
| | Skotvís | |

## Viðhorf stjórnenda og lykilaðila

Starfshópurinn kannaði viðhorf lykilstarfsmanna þeirra stofnana sem fara með friðlýst svæði og fleiri sem tengjast friðlýstum svæði. Rannsókn var gerð af Maskínu og var markmið hennar að kanna hug þessara lykilaðila gagnvart þjóðgörðum og friðlýstum svæðum, þ.m.t. hvernig best væri að haga rekstri þeirra, og þeim áskorunum sem stjórnvöld standa frammi fyrir í þeim efnum. Starfshópurinn lét Maskínu hafa lista sem hann hafði sett saman yfir lykilaðila og voru þeir alls 11. Nöfn viðmælenda má finna í VIÐAUKA II. Rannsóknin var eigindleg og framkvæmd í formi djúpviðtala sem stóðu yfir á tímabilinu 10.–31. ágúst 2022. Viðtölin voru ýmist tekin í eigin persónu eða með fjarfundabúnaði. Umræðuramminn var unninn í samstarfi starfshópsins og Maskínu. Lögð var áhersla á að rannsóknin væri eigindleg (e. qualitative) og hugmyndagefandi, en ekki var leitast við að álykta um skoðanir annarra lykilaðila –aðeins þeirra sem tóku þátt. Niðurstöður viðtalanna má finna í VIÐAUKA I.

10 *Rætt var við Guðjón Bragason og Kristínu Ólafsdóttur.*
11 *Rætt var við Helga Kjartansson og Hrafnhildi Brynjólfsdóttur.*



*Friðlýst svæði.*




3

# Friðlýst svæði á Íslandi

## Fjöldi svæða

Friðlýst svæði á Íslandi eru rúmlega 130 talsins og er flatarmál þeirra á láði og legi, að meðtöldum Breiðafirði, Vatnajökulsþjóðgarði og Þingvallaþjóðgarði, um 23.500 km².[12] Þar af eru 2.961 km² í hafi. Vatnajökulsþjóðgarður,[13] langstærsta friðlýsta svæði Íslands, nær yfir um 15% landsins. Þá er Breiðafjörður að hluta verndaður með sérlögum.

Kort af friðlýstum svæðum hvers landshluta má finna í VIÐAUKA III.

## Friðlýsingarflokkar

Við endurskoðun eldri náttúruverndarlaga og með upptöku nýrra laga um náttúruvernd, sem tóku gildi árið 2015, voru friðlýsingarflokkar endurskoðaðir með það fyrir augum að skipulag þeirra endurspeglaði á skýrari hátt tilgang og markmið friðlýsingar. Samkvæmt lögum um náttúruvernd eru íslenskir friðlýsingaflokkar nú 10 talsins og taka mið af flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) fyrir vernduð svæði. Þannig eru friðlýst svæði á Íslandi samanburðarhæf við verndarsvæði í öðrum löndum og auðvelt að leggja mat á árangur verndar.

Flokkun IUCN grundvallast á því hver markmiðin eru með stjórn svæðanna en fleiri þættir skipta einnig máli, t.d. einkenni svæðanna, landnýting innan þeirra og sérstaða þeirra. Svæði geta raunar fallið undir fleiri en einn flokk. Þannig geta mismunandi svæði innan þjóðgarða verið skilgreind í ólíka verndarflokka. Flokkuninni er ætlað að hjálpa til við skipulagningu verndaðra svæða, stjórn framkvæmda og stuðla að bættum upplýsingum um svæðin.

Í greinum íslensku náttúruverndarlaganna um friðlýsingarflokkana er jafnan gerð grein fyrir forsendum fyrir vernd og markmiði með friðlýsingunni.

---

*12 Upplýsingar um öll friðlýst svæði á Íslandi, þar á meðal friðlýsingarskilmála og afmarkanir einstakra svæða, er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar: www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/*

*13 Þjóðgarður er ein tegund friðlýsts svæðis. Sjá kaflann Friðlýsingarflokkar.*

# Íslenskir friðlýsingarflokkar á þurrlendi samkvæmt íslenskum náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

**Náttúruvé**

Tilgangurinn er að vernda náttúruleg þróunarferli, vistkerfi, fjölbreytni eða ákveðnar tegundir og/eða jarðfræðileg fyrirbæri sem eru viðkvæm, sérstök eða einstök á lands- eða heimsvísu eða í Evrópu. Friðlýsingin miðar að því að standa vörð um náttúrulegt ástand svæðisins og þróun þess eftir eigin lögmálum. Náttúruvé geta verið viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.

**Óbyggð víðerni**

Landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran þróast án álags af mannlegum umsvifum. Skulu vera a.m.k. 25 km² að stærð og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum. Miðar að því að varðveita einkenni svæðisins og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja.

**Þjóðgarðar**

Stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag. Einnig skal líta til mikilvægis svæðisins í menningarlegu eða sögulegu tilliti. Miðar að því að vernda heildstæð náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið og tryggja aðgang almennings að því til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins.

**Náttúruvætti**

Einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

**Friðlönd**

Markmiðið er að vernda tilteknar vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Heimilt að kveða á um aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að hlúa að og mæta þörfum tegunda sem verndin beinist að eða til að viðhalda búsvæðum eða vistgerðum.

**Friðlýsingar svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar**

Svæði sem falla í verndarflokk Rammaáætlunar sem Alþingi hefur samþykkt skal friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Friðlýsingin felur í sér að orkuvinnsla og orkurannsóknir eru óheimilar á viðkomandi svæði.

**Landslagsverndarsvæði**

Landslag sem þykir sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis, talið er sérstætt eða fágætt á svæðis-, lands- eða heimsvísu eða skipar mikilvægan sess í vitund þjóðarinnar. Ef um er að ræða svæði þar sem hefðbundnar nytjar eru forsenda fyrir því að varðveita einkenni landslagsins skal tryggja þær áfram. Halda má áfram starfsemi sem stunduð er á svæðinu en gæta að það hafi ekki áhrif á sérkenni og einkenni þess.

**Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda**

Friðlýsa má landsvæði til verndar vistkerfum og búsvæðum ásamt þeim menningarlegu gildum sem tengjast þeim og hefðbundnum nytjum náttúruauðlinda. Viðmið um friðlýsingu slíkra svæða skal vera að þau séu stór, að mestu leyti náttúruleg en hluti þeirra nýttur á sjálfbæran hátt. Markmið með verndun svæða samkvæmt grein þessari er hófsamleg og sjálfbær nýting náttúruauðlinda sem ekki er iðnvædd og samrýmist náttúruvernd.

**Fólkvangar**

Verndun svæðisins miðar að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Umhverfisstofnun annast undirbúning stofnunar fólkvangs í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög. Landsvæði fólkvanga skulu vera í eigu sveitarfélags nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli sveitarfélags og landeigenda.

Friðlýsingar svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar

Svæði sem falla í verndarflokk Rammaáætlunar sem Alþingi hefur samþykkt skal friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Friðlýsingin felur í sér að orkuvinnsla og orkurannsóknir eru óheimilar á viðkomandi svæði.

**Friðlýsing heilla vatnakerfa**

Svæðið má ekki hafa verið flokkað í nýtingarflokk Rammaáætlunar. Miðar m.a. að því að varðveita vatnslindir til framtíðar, tryggja náttúrulega ferla og vatna- og vistfræðilega samfellu á tilteknu vatnasviði og standa vörð um ásýnd og vistfræðilegt þjónustuhlutverk vatnasviða.




*Búsvæði á korti er friðlýsingarflokkur úr eldri lögum.*

*Verndarflokkar friðlýstra svæða.*




*Friðlýst svæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlun).*

## Alþjóðlegir friðlýsingarflokkar

**Ia Svæði undir strangri vernd (Strict Nature Reserve)**

Svæði sem sett eru undir stranga vernd í þeim tilgangi að varðveita líffræðilega fjölbreytni og mögulega einnig jarðminjar/jarðmyndanir. Umferð manna, nýting og inngrip sem áhrif geta haft á svæðin eru háð ströngum skilyrðum og takmörkunum í því skyni að varðveita verndargildi svæðisins. Þessi svæði geta haft ómetanlegt gildi sem viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.

**Ib Óbyggðir (Wilderness Area)**

Svæði í flokki Ib eru venjulega stór land- eða hafsvæði sem eru lítt eða ekki mótuð af manninum og haldið hafa sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta. Verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra.

**II Þjóðgarðar (National Park)**

Verndarsvæði sem falla í flokk II eru stór náttúruleg eða lítt snortin svæði sem afmörkuð eru til verndar heildstæðum vistfræðilegum ferlum og þeim tegundum og vistkerfum sem einkenna svæðið. Jafnframt skapa svæðin margvíslega möguleika til andlegrar upplifunar, vísindaiðkunar, fræðslu, útivistar og afþreyingar fyrir ferðamenn af því tagi sem samrýmist menningu og umhverfissjónarmiðum.

**III Náttúruvætti (Natural Monument or Feature)**

Svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta verið landslagsfyrirbæri, neðansjávarfjöll, neðansjávarhellisskútar, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur. Þetta eru jafnan einkar lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

**IV Vistgerðir og búsvæði (Habitat/Species Management Area)**

Markmiðið með vernd svæða í flokki IV er að vernda tilteknar tegundir eða búsvæði og stjórnun svæðanna endurspeglar þá forgangsröðun. Mörg svæði í þessum flokki þarfnast reglubundinnar íhlutunar til að mæta þörfum tiltekinnar tegundar eða til að viðhalda búsvæðum en þetta er þó ekki skilyrði verndarflokksins.

**V Verndað landslag (Protected Landscape/ Seascape)**

Hér er um að ræða verndarsvæði þar sem samspil manns og náttúru í gegnum tíðina hefur skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Jafnframt er varðveisla þessa samspils nauðsynleg til verndunar og viðhalds svæðisins og þeirra náttúrufarslegu gilda og annarra gilda sem svæðið hefur.

**VI Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda (Protected area with sustainable use of natural resources)**

Þessi svæði miða að verndun vistkerfa og búsvæða ásamt menningarlegu gildum sem tengjast þeim og hefðbundnum nytjum náttúruauðlinda. Yfirleitt stór og að mestu leyti náttúruleg en hluti þeirra nýttur á sjálfbæran hátt. Litið svo á að hófsöm nýting náttúruauðlinda, sem ekki er iðnvædd og samrýmist náttúruvernd, sé eitt aðalmarkmiðið með verndinni.




*Gestastofur þjóðgarða.*

## Íslenskir þjóðgarðar

Þrjú svæði eru friðlýst sem þjóðgarðar á Íslandi: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og Vatnajökulsþjóðgarður. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með sérlögum árið 1930, þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum voru stofnaðir á grunni þágildandi náttúruverndarlaga árin 1967 og 1973. Þeir urðu svo hluti af Vatnajökulsþjóðgarði sem var stofnaður með sérlögum árið 2007. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var hins vegar stofnaður árið 2001 á grunni náttúruverndarlaga.

### Stjórnsýsla og stjórnskipulag

Vatnajökulsþjóðgarður og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum eru nánast alfarið á þjóðlendum eða á landi í eigu ríkisins. Að þessu leyti er stjórnsýsla og verkefni Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum um margt ólík stjórnsýslu og verkefnum Umhverfisstofnunar á svæðum sem oft eru í einkaeign og friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum. Þá nær stjórnsýsluhlutverk Umhverfisstofnunar samkvæmt náttúruverndarlögum til fleiri þátta en umsjónar og rekstrar friðlýstra svæða.

Stjórnsýsla Vatnajökulsþjóðgarðs er valddreifð og starfa fjögur svæðisráð á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins. Í svæðisráðum sitja sex fulltrúar, þrír eru tilnefndir af sveitarstjórnum á svæðinu, einn af ferðamálasamtökum, einn er fulltrúi útivistarsamtaka og einn frá umhverfisverndarsamtökum á svæðinu. Svæðisráð kýs sér formann og varaformann úr hópi sveitarstjórnarmanna. Formenn svæðisráða mynda meirihluta í stjórn alls þjóðgarðsins.

Í Þingvallaþjóðgarði fer Þingvallanefnd með stjórn garðsins. Þingvallanefnd er skipuð þingmönnum.

Umhverfisstofnun er hefðbundin A-hluta ríkisstofnun og fer stofnunin með umsjón og landvörslu um 130 friðlýstra svæða, þ.m.t. Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

## Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
Stjórnskipulag




## Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
Stjórnskipulag




## Vatnajökulsþjóðgarður
Stjórnskipulag



## Önnur víðáttumikil friðlýst svæði[14]

Þjóðgarðar eiga samkvæmt skilgreiningu þess verndarflokks að vera stór náttúrusvæði. Þjóðgarðarnir þrír á Íslandi sem fjallað var um í kaflanum á undan ná allir yfir stór landsvæði. Hér á landi eru þó einnig dæmi um stór náttúrusvæði sem friðlýst hafa verið samkvæmt öðrum verndarflokki. Hér verða tiltekin nokkur dæmi um stór friðlýst svæði sem ekki eru þjóðgarðar.[15]

### Friðland að Fjallabaki

Friðland að Fjallabaki var friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum árið 1979. Svæðið er þekkt fyrir fjölbreytt landslag og landslagsheildir, kyrrð, litadýrð, óbyggð víðerni, viðkvæmt lífríki og mikinn jarðhita. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessi náttúruverðmæti. Friðlandið er 446,24 km² að stærð og innan þess er einn af mest sóttu viðkomustöðum ferðamanna á hálendi Íslands, Landmannalaugar. Frá Landmannalaugum liggur ein vinsælasta hálendisgönguleið landsins, Laugavegurinn. Friðland að Fjallabaki er hluti af Torfajökulssvæðinu sem þykir einstakt á heimsmælikvarða og er eitt af þeim svæðum sem eru á yfirlitsskrá heimsminja fyrir Ísland hjá UNESCO.

### Friðlandið í Þjórsárverum

Þjórsárver eru einstakar gróðurvinjar á miðhálendi Íslands, afmarkaðar af jöklum og eyðisöndum á alla kanta. Verin voru fyrst friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum sem friðland árið 1981. Friðlýsingin var endurskoðuð 1987 og aftur 2017. Friðlýsta svæðið er í dag 1.563 km² að stærð og nær yfir öll Þjórsárver, Hofsjökul í heild sinni og nágrenni. Markmið friðlýsingar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýrarvist, varpstöðvar heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.

### Friðlandið í Vatnsfirði

Vatnsfjörður var friðlýstur sem friðland árið 1975 samkvæmt náttúruverndarlögum. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda náttúru á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar. Friðlandið er alls um 200 km². Stærstur hluti svæðisins er hálendi en friðlandið teygir sig niður á láglendið sem að mestu er kjarri vaxið. Fuglalíf er fjölbreytt og líflegt um að litast á varptíma en innan friðlands má finna öll varpsvæði nema fuglabjörg og þar verpa 40 tegundir sem eru um helmingur íslensku fánunnar. Meðal þessara tegunda eru vatnafuglar, s.s. lómur og himbrimi, og 13 tegundir á válista,[16] þ.m.t. haförn og fálki. Svæðið er einnig alþjóðlega mikilvægt fæðuöflunarsvæði nokkurra tegunda sem fara um Ísland vor og haust á leið til og frá varpstöðvum sínum í Grænlandi og Kanada.

### Friðlandið í Guðlaugstungum

Guðlaugstungur, ásamt Svörtutungum og Álfgeirstungum (Ásgeirstungum), voru friðlýstar samkvæmt náttúruverndarlögum sem friðland árið 2005. Friðlandið nær frá Hofsjökli niður að ármótum Blöndu og Haugakvíslar í suðausturhorni Blöndulóns. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda víðfeðmt og gróskumikið votlendi, sem jafnframt er eitt stærsta og fjölbreyttasta rústasvæði landsins. Yfir 23.000 pör heiðagæsa verpa á svæðinu og er það stærsta heiðagæsavarp í heiminum. Svæðið hefur mjög hátt alþjóðlegt verndargildi og hefur verið Ramsar-svæði frá 2013 ásamt því að vera á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (International Bird Area).

---

*14 Upplýsingar um svæðin eru fengnar af heimasíðu Umhverfisstofnunar: https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/*

*15 Um sum þessara svæða hafa komið fram tillögur um að þeim verði breytt í þjóðgarða eða að þau verði hluti af stærri þjóðgarði. Ekki verður fjallað um það sérstaklega í þessari skýrslu en upplýsingar um þessar tillögur má finna í eftirfarandi skýrslum: Dynjandisþjóðgarður – https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2021/09/03/Dynjandisthjodgardur/, Framtíð Breiðafjarðar –http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Breidafjardar_2021.pdf, Hálendisþjóðgarður – https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2019/12/03/Halendisthjodgardur-skyrsla-nefndar/*

*16 Válistar eru skrár yfir lífverutegundir sem eiga undir högg að sækja eða eru taldar vera í útrýmingarhættu í tilteknu landi eða svæði.*

## Friðlandið á Hornströndum

Árið 1975 voru Hornstrandir, Aðalvík, Rekavík bak Látur og Fljótavík, ásamt hluta Jökulfjarða, friðlýstar sem friðland samkvæmt náttúruverndarlögum. Friðlandið á Hornströndum er 589 km² að stærð og er staðsett á norðanverðum Vestfjörðum. Eitt af aðaleinkennum friðlandsins er hve afskekkt það er og lítið mótað af umsvifum og ágangi manna. Innan svæðisins er að finna mikilfengleg fuglabjörg, einstakt gróðurfar og menningarminjar sem standa sem minnisvarðar um tíðaranda og búsetuhætti sem liðnir eru undir lok. Markmið friðlýsingarinnar á Hornströndum er að vernda lífríki, jarðminjar og menningarminjar svæðisins. Friðlandið hefur hátt verndargildi, bæði á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, þar sem svæðið er mikilvægt búsvæði fyrir fjölda fuglategunda, auk þess sem friðlandið er eitt mikilvægasta búsvæði refa í Evrópu.

## Friðlandið Lónsöræfi (Stafafellsfjöllum)

Innfjöll með Eskifelli, Kjarrdalsheiði, Kollumúla og Víðidal voru friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum í ársbyrjun 1977. Friðlandið er um 320 km² að flatarmáli. Háir fjallgarðar, víða yfir 1000 metra, mynda umgjörð friðlandsins á þrjá vegu, krýndir fönnum og jöklum sem senda frá sér skriðjökultungur. Friðlandið liggur að Vatnajökulsþjóðgarði og hefur Umhverfisstofnun gert samning við þjóðgarðinn um umsjón og rekstur svæðisins.

## Mývatn og Laxá

Mývatn og Laxá eru upphaflega friðlýst með sérlögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu árið 1974. Mývatn og Laxá eru nú vernduð samkvæmt sérstökum lögum nr. 97 frá 9. júní 2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á víðáttumiklu vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum m.t.t. vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólmum og kvíslum, allt að ósi árinnar við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lögin til eftirtalinna votlendissvæða, ásamt 200 m bakka meðfram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógar, Slýja, Neslandatanga, Framengja, Krákár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helluvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir. Þá taka lögin enn fremur til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár.

## Breiðafjörður

Stór hluti Breiðafjarðar, þ.e. eyjar, hólmar og sker ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins, er verndaður með sérlögum nr. 54/1995. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna. Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af þjóðminjaráði. Umhverfisráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður.

## Heimsminjaskrá UNESCO og jarðvangar

Árið 1972 var undirritaður heimsminjasamningur Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Hluti samningsins er svokölluð heimsminjaskrá sem hvílir á þeirri forsendu að ákveðnir staðir á jörðinni hafi ótvírætt alþjóðlegt gildi í menningarlegu eða náttúrufarslegu tilliti og að þá beri að vernda sem sameiginlega arfleifð mannkyns.

Staðir á heimsminjaskrá draga gjarnan að aukinn fjölda ferðamanna þannig að mikilvægi viðkomandi staða eykst í þjóðhagslegu tilliti. Þrír staðir á Íslandi hafa verið skráðir á

heimsminjaskrá en það eru Þingvellir sem voru skráðir á heimsminjaskrá árið 2004, Surtsey árið 2008 og Vatnajökulsþjóðgarður árið 2019.

UNESCO-jarðvangar (Global Geoparks) eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvæg á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu UNESCO um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun. KATLA jarðvangur var fyrsti jarðvangur Íslands, stofnaður í nóvember 2010. Árið 2012 bættist í hópinn Reykjanes jarðvangur. Báðir jarðvangarnir eru hluti af neti UNESCO-jarðvanga.

## Lög, stefnur, skipulag

Ýmsar áætlanir stjórnvalda, s.s. lög, stefnur og skipulagsvinna, geta haft áhrif á stjórn friðlýstra svæða.

### Lög um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni

Lögin tóku gildi á árinu 2021 og taka til alls lands í eigu ríkisins og stofnana þess, óháð því hver fer með umsýslu þess, þ.m.t. ríkisjarða, þjóðlendna, þjóðgarða og friðlýstra svæða. Markmið þeirra er að stuðla að hagkvæmri nýtingu, sjálfbærni, aðgengi og uppbyggingu innviða og atvinnulífs á landi í eigu ríkisins að teknu tilliti til jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Þessu markmiði á að ná einkum með því að:

**a.** auka samkeppni um úthlutun takmarkaðra gæða,

**b.** stuðla að faglegri áætlanagerð um nýtingu lands í eigu ríkisins,

**c.** tryggja eðlilegt endurgjald fyrir nýtingu á landi í eigu ríkisins,

**d.** auka fjárfestingar í innviðum til að tryggja öryggi, upplifun gesta, nauðsynlega uppbyggingu og aðstöðu,

**e.** stuðla að útvistun á þjónustu eða uppbyggingu, einkum þegar ekki er um að ræða kjarnaverkefni á vegum hins opinbera,

**f.** vernda náttúruverndarsvæði og önnur viðkvæm svæði fyrir átroðningi.

### Lög um þjóðlendur

Þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Þó gildir sú regla samkvæmt lögum um þjóðlendur að þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt[17] fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Á það einnig við um þær þjóðlendur sem eru innan friðlýstra svæða.

### Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins

Árið 1999 staðfesti umhverfisráðherra svæðisskipulag miðhálendis Íslands til 2015. Þar með var mikilvægum áfanga náð í skipulagsmálum miðhálendisins en með bráðabirgðaákvæði laga nr. 73/1993 við eldri skipulagslög var sett á laggirnar samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands, þar sem sæti áttu einn fulltrúi tilnefndur af hverri héraðsnefnd er lá að miðhálendinu. Nefndin sá um endurskoðun svæðisskipulags miðhálendis og hlutverk hennar var að gæta þess að samræmi væri innbyrðis með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga á miðhálendinu og að samræmi væri á milli þeirra og svæðisskipulags miðhálendisins.

---

17 *Afréttur er landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.*

## Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2015–2026 felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Henni er ætlað að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun. Einnig á landsskipulagsstefna að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnýtingu og þróun byggðar.[18]

Ýmislegt í landsskipulagsstefnu talar beint við þau markmið sem sett eru á mörgum friðlýstum svæðum á miðhálendi Íslands:

- **Skipulag á miðhálendinu** – Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálendinu taki mið af sérstöðu þess.
- **Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi** – Uppbygging ferðamannaaðstöðu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálendinu, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.
- **Víðerni og náttúrugæði** – Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálendisins með áherslu á verndun víðerna hálendisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja.

## Svæðisskipulag suðurhálendisins

Á ársfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2018 var hvatt til þess að unnið yrði svæðisskipulag fyrir suðurhálendið þar sem horft yrði til verndunar og nýtingar í heild. Tillagan var samþykkt og hafa 11 sveitarfélög sem eiga land eða réttindi að hálendi Suðurlands unnið að því síðan og er stefnan sett á að ljúka þeirri vinnu á árinu 2023 með staðfestu svæðisskipulagi fyrir suðurhálendið.

Ákveðnar forsendur eru settar í verkefninu og út frá þeim hafa verið unnar sviðsmyndir fyrir svæðið. Forsendurnar sem unnið er eftir eru:

- Víðerni
- Kyrrlát svæði
- Friðlýst svæði
- Virkjanir, miðlunarlón og háspennulínur
- Samgöngur
- Fjallaskálar

Sviðsmyndirnar sem unnið er út frá eru:

| A | B | C |
| --- | --- | --- |
| Áhersla á verndun og lágt mannvirkjastig með sumarvegum og lágmarksuppbyggingu innan hálendisins. | Áhersla á verndun og meðalmannvirkjastig með öruggum vegum og hóflegri uppbyggingu innan hálendisins. | Áhersla á hátt mannvirkjastig með uppbyggingu heilsársvega og þjónustustöðva á hálendinu. |

*18 Landsskipulagsstefna tók við því hlutverki sem staðfest var í svæðisskipulagi miðhálendisins árið 1999, þ.e.a.s. að gæta þess að samræmi sé með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga á miðhálendinu.*

## Eignarréttur

Friðlýst svæði geta verið á landsvæði í einkaeign, í eigu sveitarfélags eða í eigu íslenska ríkisins (þjóðlendum og ríkisjörðum). Eignarréttur tapast ekki við friðlýsingu og um friðlýsinguna gildir að ef svæðið er í einkaeign þarf að liggja fyrir samþykki landeiganda og þess sveitarfélags sem hið friðlýsta svæði er í. Svæði sem friðlýst eru sem þjóðgarðar skulu samkvæmt lögum vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og gildir þá samkomulag um slíkt á milli landeiganda og ráðherra náttúruverndarmála. Dæmi um slíkt má finna í Vatnajökulsþjóðgarði þar sem tvær jarðir í einkaeigu eru innan þjóðgarðsins, auk þess sem ýmis friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar eru í einkaeigu.







*Friðlýst svæði, þjóðlendur og miðhálendislína.*

## Nýting lands

Skipulag nýtingar lands utan friðlýstra svæða og innan friðlýstra svæða er sambærilegt. Stjórnunar- og verndaráætlanir eru að vissu leyti svipaðar skipulagsvinnu þar sem farið er ofan í saumana á stefnu og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og annað fyrirkomulag. Útskýringarmyndirnar sýna þau viðbótarskref sem taka þarf við stefnumótun um nýtingu lands á friðlýstum svæðum.




*Nýting lands í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum.*




*Nýting lands utan þjóðgarða og friðlýstra svæða.*

## Fjárhagslegar upplýsingar

Á Íslandi eru þrjár stofnanir sem sinna rekstri og umsýslu friðlýstra náttúruverndarsvæða og þjóðgarða en það eru Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

Á árinu 2021 voru bein framlög ríkisins til þessara stofnana til rekstrar friðlýstra svæði og þjóðgarða um **1.262 m.kr.** en heildarrekstrarkostnaður svæðanna var **1.832 m.kr.** Bilið á milli framlags ríkisins og heildarkostnaðar við rekstur er aðallega brúað með öflun sértekna, s.s. með bílastæðagjöldum, leyfisgjöldum, svæðisgjöldum og gjöldum vegna tjaldstæða.

**Framlag á fjárlögum eða rekstrartölur vegna rekstrar friðlýstra svæða (m.kr.)**

| Stofnun | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfisstofnun | 342,1 | 408,6 | 495,6 | 454,3 |
| Vatnajökulsþjóðgarður | 355,8 | 507,3 | 592,3 | 662,6 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 105,9 | 106,5 | 203,9 | 145,1 |
| **Samtals** | **803,8** | **1022,4** | **1291,8** | **1262** |

**Sértekjur, þjónustugjöld eða sérstök framlög á friðlýstum svæðum (m.kr.)**

| Stofnun | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfisstofnun | 127,7 | 81,1 | 43,2 | 45,7 |
| Vatnajökulsþjóðgarður | 428,6* | 329,8 | 265,6 | 243,1 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 307.3 | 307.3 | 79,1 | 146,2 |
| **Samtals** | **789,9** | **410,9** | **387,9** | **435** |

*Sértekjur vegna veitingasölu í Skaftafelli eru 140,3 m.kr., þjóðgarðurinn hætti þeim rekstri það ár.

Til viðbótar voru veitt sérstök framlög til svæðanna til framkvæmda og uppbyggingar innviða og voru samanlögð framlög vegna þess til framangreindra þriggja stofnana á árinu 2021 um **567,4 m.kr.**

**Framlag á fjárlögum til framkvæmda á friðlýstum svæða (m.kr.)**

| Stofnun | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfisstofnun | 190,0 | 40,0 | 150,0 | 160,7 |
| Vatnajökulsþjóðgarður | 275,9 | 87,0 | 166,8 | 229,5 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 493,6 | 263,7 | 117,7 | 177,2 |
| **Samtals** | **959,5** | **390,7** | **434,5** | **567,4** |

Auk framlaga á fjárlögum til innviða og framkvæmda hafa verið veitt framlög úr landsáætlun um innviði til margvíslegra verkefna. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig framlögin skiptast árin 2018–2022 á milli þeirra þriggja stofnana sem sjá um og reka þjóðgarða og friðlýst svæði (m.kr):

| Umsjónaraðili | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| Umhverfisstofnun | 352,5 | 265,1 | 502,7 | 368,1 | 548,1 |
| Vatnajökulsþjóðgarður | 80,0 | 286,4 | 356,0 | 198,5 | 161,5 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 35,0 | 25,0 | 25,0 | 101,5 | |

## Gestir

Undanfarin ár hefur gestum í íslenskum þjóðgörðum fjölgað mjög hratt í samhengi við fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi. Stór hluti erlendra ferðamanna sem koma til Íslands heimsækir friðlýst svæði og þjóðgarða.

**Erlendir farþegar til Íslands**

| | Keflavíkur-flugvöllur | Akureyrar-/Reykjavíkur flugvöllur | Seyðisfjörður-Norrænu farþegar | Samtals: |
|---|---|---|---|---|
| 2021 | 687.802 | 109 | 10.270 | 698.181 |
| 2020 | 478.510 | 1.344 | 6.454 | 486.308 |
| 2019 | 1.986.153 | 8.164 | 18.887 | 2.013.204 |
| 2018 | 2.315.925 | 7.158 | 19.158 | 2.342.241 |
| 2017 | 2.195.271 | 6.450 | 22.353 | 2.224.074 |
| 2016 | 1.767.726 | 3.859 | 19.795 | 1.791.380 |
| 2015 | 1.261.938 | 8.662 | 18.540 | 1.289.140 |
| 2014 | 989.181 | 10.260 | 18.115 | 997.556 |
| 2013 | 781.016 | 9.696 | 16.637 | 807.349 |
| 2012 | 646.921 | 13.072 | 12.780 | 672.773 |

Heimild: Ferðamálastofa. Isavia og Smyril Line

**Erlendir farþegar til Íslands 2017-2021**



## Fjöldi gesta

Mikill fjöldi gesta heimsækir friðlýst svæði og þjóðgarða á Íslandi og er Þjóðgarðurinn á Þingvöllum sá áfangastaður sem flestir heimsækja.

### Fjöldi gesta á fjölsóttum áfangastöðum

| Staður | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Þingvellir | 1.410.064 | 1.312.000 | 324.337 | 439.971 |
| Gullfoss | | | | 299.013 |
| Geysir | | | | 407.919 |
| Dyrhólaey | 535.898 | 482.456 | 141.381 | 246.921 |
| Reynisfjara | 874.498 | 819.439 | 247.718 | 433,843 |
| Skaftafell | 793.362 | 685.868 | 189.894 | 395.347 |
| Jökulsárlón | 967.364 | 924.320 | 279.884 | 557.725 |
| Dettifoss vestra | 261.683 | 238.166 | 74.057 | 180.658 |
| Dimmuborgir | 403.159 | 364.702 | 124.172 | 210.477 |

**Heimsóknir erlendra ferðamanna**
Hvaða landsvæði voru heimsótt ágúst 2021 - júlí 2022.




**Erlendir ferðamenn um Keflavíkurflugvöll**
Brottfarir erlendra farþega ágúst 2021-2022

| | % af brottförum | Fjöldi | Breyting síðustu 12 mán.* |
|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi | | 1.373.402 | 397,9% |
| *10 fjölmennustu þjóðernin*** | | | |
| Bandaríkin | 26,4% | 362.346 | 334,3% |
| Bretland | 12,1% | 166.572 | 1007,7% |
| Þýskaland | 8,7% | 119.633 | 320,7% |
| Frakkland | 5,9% | 80.545 | 558,2% |
| Pólland | 5,7% | 78.703 | 111,6% |
| Danmörk | 4,0% | 55.022 | 415,9% |
| Ítalía | 3,8% | 52.462 | 339,9% |
| Holland | 3,2% | 43.966 | 560,0% |
| Spánn | 3,0% | 40.779 | 538,8% |
| Kanada | 2,0% | 26.783 | 2695,7% |

* samanburður tekur mið af tímabilinu ágúst-júlí 2020-21/2021-22.
**Samaburður voru tíu stærstu þjóðernin 74,8% af heild

## Talningastaðir

Samtals eru 82 teljarar innan friðlýstra svæða þar sem annað hvort eru taldir bílar eða fjöldi gangandi gesta. Sex talningastaðir eru á Þingvöllum, 46 eru í Vatnajökulsþjóðgarði og 30 á svæðum á vegum Umhverfisstofnunar. Auk þess hefur Ferðamálastofa sett upp mæla til að telja fjölda ferðamanna í rauntíma á nokkrum fjölsóttum áfangastöðum. Á mörgum áfangastöðum eru til talningar mörg ár aftur í tímann en á öðrum er nýlega búið að setja upp teljara og á það við t.d. um Gullfoss og Geysi.

**Viðhorf og upplifun gesta**
Rannsóknir sýna að friðlýsing eykur áhuga ferðamanna á að heimsækja svæði, sérstaklega ef þau eru friðlýst sem þjóðgarðar. Einnig liggur fyrir að náttúruferðamennska (e. Nature tourism) er einn helsti vaxtarbroddur ferðaþjónustu í heiminum. Erlendar rannsóknir hafa einnig sýnt að ánægja ferðamanna minnkar með vaxandi fjölda ferðamanna á áfangastöðum.




*Anna Dóra Sæþórsdóttir.*

Vegna mikillar fjölgunar ferðamanna hér á landi og þess álags sem af henni skapast hafa vaknað spurningar um hvort ferðamenn séu nú þegar of margir á vinsælustu áfangastöðum landsins. Í ljósi þessa hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á þolmörkum staðanna. Almennt er niðurstaðan sú að ferðamenn á fjölsóttum áfangastöðum á Íslandi séu frekar ánægðir með upplifunina. Í rannsóknum sem gerðar hafa verið á upplifun og ánægju ferðamanna í Landmannalaugum virðist svæðið komið að þolmörkum varðandi fjölda ferðamanna því tæp 50% ferðamanna sem spurðir voru árið 2019 upplifa of mikinn fjölda ferðamanna.[19]




Róf afþreyingarmöguleika sem spannar frá víðernum til manngerðs umhverfis.
(Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólasson 2007.54)

*19 Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2019. Þolmörk ferðamanna í Landmannalaugum: þróun á 20 ára tímabili, https://ust.is/library/sida/Nattura/Anna_D%C3%B3ra_%C3%9Eolm%C3%B6rk%20fer%C3%B0amanna%20%C3%AD%20Landmannalaugum%20%C3%AD%2020%20ar.pdf*

## Almannaréttur

Í lögum um náttúruvernd er fjallað um almannarétt, útivist og umgengni. Þar segir að öllum sé heimilt að fara um landið og njóta náttúru þess svo fremi að vel sé gengið um og þess gætt að spilla engu. Heimilt er að fara um óræktuð eignarlönd án sérstaks leyfis. Rétthöfum lands er heimilt að takmarka með merkingum ferðir manna um eignarlönd. Lönd í eigu ríkisins, s.s. náttúruverndar- og skógræktarsvæði, eru öllum opin með fáum undantekningum. Hægt er að takmarka umferð tímabundið, s.s. yfir varptíma eða vegna gróðurverndar, auk þess sem Vegagerðin getur takmarkað umferð um vegi og slóða eða lokað þeim, t.d. vegna aurbleytu. Náttúruverndarsvæði eru friðlýst af mismunandi ástæðum. Reglur, t.d. um veiðar og umferð, eru breytilegar milli einstakra svæða.

## Öryggismál

Öryggismál eru mikilvæg á friðlýstum svæðum og á það bæði við um öryggi gesta og starfsmanna. Menntun og þjálfun starfsmanna friðlýstra svæða er mjög mikilvæg og er t.d. lögð áhersla á ýmis atriði er varða öryggi á námskeiðum fyrir landverði. Að auki má nefna að í VAKANUM (gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar) eru gerðar miklar kröfur á þessu sviði og þar er að finna sértæk viðmið vegna öryggismála í gönguferðum á jökla og fjöll. Einnig má nefna samstarfsverkefnið Safetravel sem er rekið af Slysavarnarfélaginu Landsbjörg í samvinnu við opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga sem hafa það að markmiði að bæta forvarnir og draga úr slysum í ferðamennsku og ferðaþjónustu hér á landi. Savetravel er rekið af Slysavarnafélaginu í samvinnu við SAF og Samgöngustofu, auk þess sem stofnanir friðlýstra svæða leggja til fjármagn. Þá hafa Landsbjörg og Almannavarnir aukið samstarf sitt að undanförnu, auk þess sem margir landverðir eru líka sjálfboðaliðar í Landsbjörg. Að sögn Landsbjargar er göngufólk og hjólafólk stærsti áhættuhópurinn sem fer um friðlýstu svæðin á miðhálendinu. Oft vanmeta þessir aðilar veðurskilyrði. Einnig er töluvert um að ferðamenn á bílaleigubílum ráði ekki við aðstæður, keyri út í ár og festi sig. Fræðsla og upplýsingar til ferðamanna eru því mikilvægar. Samvinna Landsbjargar við stofnanir friðlýstra svæða vegna Safetravel hefur verið ágæt og hafa stofnanirnar lagt verkefninu lið. Nauðsynlegt er þó að tryggja enn frekar samvinnu um upplýsingagjöf við þjóðgarðana og Umhverfisstofnun.



*Ljósmynd: Almannagjá í Þjóðgarðinum á Þingvöllum (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Einar Á. E. Sæmundsen).*

## Mannauður

Á árinu 2021 voru samanlagt unnin 108,6 ársverk við rekstur friðlýstra svæða hjá Vatnajökulsþjóðgarði, Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Það ár var heildarfjöldi starfsmanna í þessum verkefnum hjá téðum stofnunum 210 og því er um helmingur starfsmanna ráðinn tímabundið, aðallega yfir sumartímann.

**Fjöldi ársverka vegna friðlýstra náttúruverndarsvæða**

| Stofnun | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfisstofnun | 31,0 | 38,1 | 43,3 | 45,5 |
| Vatnajökulsþjóðgarður | 49,8 | 51,6 | 52,7 | 49,5 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 38,5 | 28,0 | 16,8 | 13,6 |
| **Samtals** | **119,3** | **117,7** | **112,8** | **108,6** |

**Fjöldi fastráðinna starfsmanna vegna friðlýstra náttúruverndarsvæða**

| Stofnun | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfisstofnun | 19,0 | 22,0 | 25,0 | 25,0 |
| Vatnajökulsþjóðgarður | 24,0 | 24,0 | 27,0 | 30,0 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 22,0 | 19,0 | 13,0 | 5,0 |
| **Samtals** | **65,0** | **65,0** | **65,0** | **60,0** |

**Heildarfjöldi starfsfólks ár hvert vegna friðlýsta náttúruverndarsvæða**

| Stofnun | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfisstofnun | 55,0 | 74,0 | 90,0 | 84,0 |
| Vatnajökulsþjóðgarður | 102,0 | 112,0 | 117,0 | 106,0 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 51,0 | 41,0 | 17,0 | 20,0 |
| **Samtals** | **208,0** | **227,0** | **224,0** | **210,0** |

Auk launaðra starfsmanna á friðlýstum svæðum hafa hópar sjálfboðaliða unnið við afmörkuð verkefni á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum.

## Fræðsla og miðlun upplýsinga

Fræðsla er mikilvæg til að ná fram markmiðum náttúruverndar og birtist það m.a. í þeim lögum og reglugerðum sem gilda um friðlýst svæði á Íslandi. Dæmi um slíkt er reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008 þar sem segir: „Markmiðið með friðlýsingu Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans sem þjóðgarðs er að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki og jarðmyndanir, og menningarminjar þess. Auk þess að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu. Í þjóðgarðinum skal veita fræðslu um náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum."

## Stjórnunar- og verndaráætlanir

Áætlun um stjórnun, náttúruvernd, nýtingu og miðlun upplýsinga á friðlýstum svæðum kallast stjórnunar- og verndaráætlun. Áætlunin er rammi utan um stjórn og skipulag á svæðinu þar sem ofangreindum efnisatriðum eru gerð skil. Stjórnunar- og verndaráætlun er unnin í samráði við hagaðila, s.s. sveitarstjórnir, fagstofnanir, landeigendur, ýmis samtök og hagsmunaaðila, og skal endurskoða eftir því sem tilefni er til.

Í 81. gr. laga um náttúruvernd kemur fram að tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði skuli liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar. Á undanförnum árum hefur friðlýstum svæðum fjölgað mikið í kjölfar átaks ríkisstjórnar Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á árunum 2018–2021.

Staða stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði haustið 2022 er eftirfarandi:

Heildarfjöldi áætlana sem hafa verið gefnar út er 33 en af þeim eru fjórar fallnar úr gildi, þá eru níu verndaráætlanir í vinnslu og tvær bíða staðfestingar ráðherra. Stjórnunar- og verndaráætlun er ekki til staðar fyrir 76 svæði.

Það er því auðséð að ekki hefur verið hægt að framfylgja lögum um að stjórnunar- og verndaráætlun friðlýsts svæðis skuli liggja fyrir innan 12 mánaða eftir gildistöku friðlýsingar.




*Staða stjórnunar- og verndaráætlana haustið 2022*

## Innviðir

Áfangastöðum, sem finna má innan friðlýstra svæða og teljast í góðu ástandi, fjölgaði árið 2021 samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar um ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða.[20] Alls voru 64 staðir metnir í góðu ástandi samanborið við 60 ári fyrr. Ástand á 43% áfangastaða var metið gott og fengu þeir einkunn sem var yfir 8 af 10 mögulegum. Samhliða fjölgun áfangastaða í góðu ástandi fækkar þeim sem metnir eru í hættu.

Þessi þróun er að miklu leyti rakin til fækkunar ferðamanna en einnig hefur fjármagn til innviðauppbyggingar á friðlýstum svæðum aukist mikið á undanförnum árum með tilkomu landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að nauðsynlegt sé að innviðir verði byggðir áfram upp samhliða fjölgun ferðamanna því að öðrum kosti megi búast við að ástand á ferðamannasvæðum versni aftur.




*Gestastofur friðlýstra svæða.*

## Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Landsáætlun á að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu á náttúru og menningarsögulegum minjum á stöðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku. Leiðir til þess eru einkum uppbygging innviða til að vernda og auka viðtökugetu staða, landvarsla og setning staðbundinna reglna.

Innviðauppbygging er vandasöm og ekki sjálfgefin leið. Henni fylgir rask og gildi staðanna getur jafnvel rýrnað sé ekki vel að henni staðið. Margir staðir eru svo fjölsóttir að nauðsynlegt reynist að byggja þar upp innviði og þjónustu.

Samhliða stefnumarkandi landsáætlun er í gildi verkefnaáætlun til þriggja ára í senn. Þar eru settar fram tillögur að afmörkuðum innviðaverkefnum á ferðamannastöðum sem lagt er til að njóti stuðnings. Staðir í umsjón stofnana, sveitarfélaga og einkaaðila geta þannig átt aðild að landsáætlun og geta umsjónaraðilar sótt um fjármögnun afmarkaðra innviðaverkefna. Oftast er um að ræða friðlýst svæði.

Um landsáætlun gilda sérstök lög nr. 20/2016.

Fjárlög áranna 2018–2021 hafa gert ráð fyrir ótímabundinni fjárveitingu til landsáætlunar. Í fyrstu verkefnaáætlun 2018–2020 var gert ráð fyrir 660 m.kr. á ári, samtals 1.980 m.kr. á þessum þremur fyrstu árum. Framlög til landsáætlunar jukust síðan umtalsvert næstu tvö

---

*20 Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða: https://ust.is/library/sida/Nattura/Astandsmat_ferdamannstada_innan_fridlystra_svaeda_2021.pdf*

árin og náðu hámarki árið 2020 þegar fjárveiting fór yfir 1.000 m.kr. Hún dróst verulega saman árið 2021, en þá hófst bygging tveggja gestastofa þjóðgarða, en hækkaði aftur árið 2022.

Heildarfjármagn sem rann til landsáætlunar á tímabilinu 2018–2022 er 4252,8 m.kr. Sundurliðun framlaga í einstök verkefni er í VIÐAUKA IV.

## Tjaldsvæði

Tjaldsvæði eru á öllum stærstu friðlýstu svæðum landsins. Aukinn fjöldi ferðamanna og aukinn fjöldi þeirra sem ferðast um á húsbílum eða með tjaldvagna hefur orðið til þess að krafa um aðgang að rafmagni og salernisaðstöðu hefur aukist. Mismunandi þarfir ferðamanna hafa líka leitt til þess að aukin svæðaskipting hefur orðið á tjaldsvæðum. Sérsvæði hafa verið útbúin fyrir húsbíla og tjaldvagna með aðgangi að rafmagni, en tjöldum komið fyrir á öðrum svæðum.

## Vegakerfi

Vegir liggja að eða um flest friðlýst svæði á Íslandi. Þó eru undantekningar þar á, s.s. í friðlandinu á Hornströndum og á óbyggðum víðernum Dranga. Mikið er um slóða á friðlýstum svæðum á miðhálendi Íslands og stundum getur verið óljóst hvort um er að ræða hluta af vegakerfi landsins. Á hálendinu er einungis lítill hluti vegakerfisins í umsjón Vegagerðarinnar og er viðhald þeirra leiða oftast gott. Vandamálin koma gjarnan upp þar sem ábyrgðarsviði Vegagerðarinnar sleppir. Á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum eru ýmis dæmi um vegi eða slóða þar sem ekki liggur fyrir hver ber ábyrgð á viðhaldi þeirra.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd skal Vegagerðin halda skrá í stafrænum kortagrunni um vegi í náttúru Íslands, aðra en þjóðvegi, þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Byggir skráin á tillögum sem sveitarfélög skulu gera að vegum innan sinna marka við gerð aðalskipulags. Á landsvæðum sem liggja innan friðlýstra svæða og þjóðgarða er vegaskrá háð samþykki Umhverfisstofnunar, eða annarra stjórnvalda þjóðgarða. Upplýsingar um þá vegi sem skráðir hafa verið í vegaskrá má finna í landupplýsingagátt Landmælinga Íslands. [21]

Til að koma í veg fyrir akstur utan vega hafa Landmælingar Íslands, Vegagerðin, Umhverfisstofnun og fleiri aðilar markvisst unnið að kortlagningu fjallvega og slóða. Á það bæði við um vegi á friðlýstum svæðum og á landinu öllu. Takmarkanir á umferð um hálendið hafa lengi viðgengist og hefur Vegagerðin haft umsjón með þeim auglýsingum. Takmarkanirnar eru að mestu bundnar við akstursskilyrði helstu slóða og eru auglýstar vikulega frá vori og fram á sumar.




*Vegakerfi Íslands.*

21 *https://gatt.lmi.is/geonetwork/srv/ice/catalog.search#/metadata/63cf821e-2256-4102-8bb3-5e43bbb33de4*

### Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

Innan friðlýstra svæða er fjöldi mismunandi ferðaleiða fyrir göngufólk, hjólafólk og hestafólk. Upplýsingar um slíkar leiðir er hægt að nálgast í gestastofum svæðanna, auk þess sem finna má upplýsingar um göngu- og reiðleiðir á vefsíðum þjóðgarðanna. Í stjórnunar- og verndaráætlunum friðlýstra svæða er einnig að finna upplýsingar um ferðaleiðir á svæðunum. Hvað varðar reiðleiðir sérstaklega þá sýnir kortasjá á vefsvæði Landssambands hestamannafélaga reiðleiðir á Íslandi, þ.m.t. hvernig þær liggja innan friðlýstra svæða.

## Alþjóðlegir náttúruverndarsamningar

### Bernarsamningurinn um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu

Bernarsamningurinn um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu var gerður árið 1979 og staðfestur hér á landi árið 1993. Hann er vistaður hjá Evrópuráðinu og nær til 51 ríkis sem flest eru í Evrópu. Samningurinn hefur haft mikil áhrif á náttúruverndarlöggjöf aðildarríkjanna og framkvæmd hennar, m.a. hvernig staðið er að því að skrá, flokka, meta og vakta lifandi náttúru.

- **Græni gimsteinninn (e. Emerald Network)**

  Til að fylgja eftir markmiðum samningsins um vernd villtra dýra, plantna og búsvæða er lagt til að ríki geri tillögu að svæðum sem verði hluti af Emerald Network, en markmiðið er að mynda net verndarsvæða í Evrópu. Ríki geta lagt inn tillögur að fjölda svæða í einu eða unnið að því í smærri skrefum. Ísland lagði fram tillögu að nokkrum svæðum árið 2021. Eitt þeirra er verndarsvæði Mývatns og Laxár og til stendur að svæðið verði samþykkt formlega af Bernarsamningnum sem hluti af Græna gimsteininum.

### Ramsar-samningurinn um vernd votlendissvæða

Ramsar-svæði kallast þau votlendissvæði í heiminum sem valin hafa verið sérstaklega til verndunar og nýtingar vegna gildis þeirra í mismunandi samhengi. Ramsar-samningurinn skilgreinir votlendi sem hvers konar mýrar, flóa, fen og vötn, bæði náttúruleg og tilbúin, varanleg og óvaranleg, með kyrru vatni eða rennandi, fersku, hálfsöltu eða söltu og þar á meðal sjó, allt að sex metra dýpi. Ísland samþykkti aðild að samningnum árið 1977.

Á Íslandi eru sex svæði skráð sem Ramsar-svæði: Andakíll, Grunnafjörður, Guðlaugstungur, Mývatn og Laxá, Snæfells- og Eyjabakkasvæðið og Þjórsárver. Öll þessi svæði eiga það sameiginlegt að vera að mestu óröskuð votlendissvæði ásamt því að vera mikilvæg búsvæði fuglastofna (yfir 1% ákveðinna stofna).

### Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni

Ísland undirritaði alþjóðlegan samning um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) í Rio de Janeiro árið 1992 og var hann staðfestur af Alþingi árið 1994. Nánast öll ríki veraldar eru nú aðilar að samningnum. Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.

## Samningurinn um vernd votlendisfarfugla og búsvæða þeirra

Ísland hefur verið aðili að African-Eurasian Waterbird Migratory Agreement (AEWA) síðan 2013. Samningurinn fjallar um aðgerðir til verndar votlendisfarfuglum og búsvæðum þeirra í Afríku, Evrópu, Mið-Austurlöndum, Mið-Asíu, Grænlandi og kanadísku eyjaklösunum. Hann nær til flestra fuglategunda sem verpa eða hafa viðkomu á Íslandi. Náttúrufræðistofnun Íslands annast framkvæmd samningsins í samvinnu við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

## Landslagssamningur Evrópu

Árið 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands fullgildingu Landslagssamnings Evrópu. Samningnum er ætlað að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag.

Almenn ákvæði samningsins varða einkum fjögur meginatriði:

- Að í löggjöf sé fjallað um landslag og mikilvægi þess í umhverfi landsins viðurkennt.
- Að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess.
- Að tryggja aðkomu almennings og annarra að mótun stefnu um landslag.
- Að huga að landslagi við aðra stefnumótun, s.s. í stefnu um byggðaþróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál.



*Ljósmynd: Búrfellsgjá (Umhverfisstofnun, Þórdís Björt Sigþórsdóttir).*



*Ljósmynd: Jökulsárlón í Vatnajökulsþjóðgarði (Vatnajökulsþjóðgarður, Stefanía R. Ragnarsdóttir).*



4

# Nýting friðlýstra svæða

Ef horft er til þess að friðlýst svæði ná yfir tæplega 30% landsins gætu einhverjir velt fyrir sér hvort allri nýtingu séu settar skorður á um þriðjungi landsins. Rétt eins og komið hefur fram eru friðlýst landsvæði ólík að gerð, t.d. hvað varðar stærð, viðkvæmni jarðminja og lífríkis og sögu nýtingar. Því er þeim valinn viðeigandi friðlýsingarflokkur við upphaf friðlýsingarferils. Það val er sameiginleg ákvörðun þeirra sem vinna að friðlýsingunni, þ.e. sveitarfélaga, landeigenda og starfsmanna Umhverfisstofnunar/umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, auk annarra hagaðila sem koma að vinnunni.

Vegna fjölbreytileika friðlýstra svæða á Íslandi er nýting innan þeirra mjög fjölbreytt. Í eftirfarandi köflum er sagt frá ýmissi nýtingu á friðlýstum svæðum og nokkur dæmi tekin.

## Útivist og lýðheilsa

Friðlýst svæði eru meðal vinsælustu staða landsins til að stunda útivist og mörg þeirra hafa það beinlínis að markmiði að tryggja aðgengi, fræðslu og þjónustu fyrir gesti. Ferðamennskan er ýmiss konar. Gestir njóta friðlýstra svæða akandi, gangandi, ríðandi, hjólandi og siglandi. Einnig stundar útivistarfólk skot- og stangveiðar á friðlýstum svæðum.

**Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull**

Í þjóðgarðinum hafa verið byggðir upp innviðir til gera útivist gesta ánægjulegri. Stikaðar hafa verið þar gönguleiðir, reiðleiðir liggja um þjóðgarðinn, sett hafa verið upp fræðsluskilti og stigar og pallar byggðir. Veiðar má stunda á ákveðnum svæðum innan þjóðgarðsins og var afmörkun veiðisvæðisins unnin eftir tillögu heimamanna. Þá hefur samningur verið gerður við einkaaðila sem bjóða upp á ferðir með leiðsögn í Vatnshelli, 5000–8000 ára gamlan hraunhelli í Purkhólahrauni.

### Vatnajökulsþjóðgarður

Mjög fjölbreytta útivist er hægt að stunda í Vatnajökulsþjóðgarði. Hægt er að sigla á kajökum í jökullónum, skíða á skíðum niður hlíðar jökulsins, ganga á þeim yfir jökulhettuna og fara inn í íshella. Í þjóðgarðinum eru líka vinsælar jeppaleiðir, s.s. Vikrafellsleið og Gæsavatnaleið, auk þess sem ekið er á jeppum á Vatnajökli. Þá eru einnig stundaðar veiðar á hreindýrum í austur- og norðausturhluta þjóðgarðsins.

## Hefðbundin landnýting

### Friðland að Fjallabaki

Hefð er fyrir sauðfjárbeit á Landmannaafrétti og Rangárvallaafrétti sem eru að hluta innan Friðlands að Fjallabaki. Landmannaafréttur var friðaður fyrir beit á árunum 1950–1961 vegna sauðfjársjúkdóma, en fé hefur verið rekið aftur á Landmannaafrétt frá árinu 1961. Jarðir sem hafa beitarrétt innan friðlandsins hafa einnig veiðirétt í vötnum. Í dag er starfrækt Veiðifélag Landmannaafréttar. Tólf vötn innan friðlandsins eru leigð út til silungsveiða og er þar stunduð fiskirækt.

Skotveiðar eru heimilar innan friðlandsins í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

### Vatnajökulsþjóðgarður

Hefðbundin landnýting er heimil rétthöfum á nokkrum svæðum innan þjóðgarðsins. Sauðfjárbeit er leyfð á hluta Jökulsárgljúfra, afréttum á vestur- og norðurhálendinu, Snæfellsöræfum og afmörkuðum svæðum sunnan jökla. Mest er hún í byggð sunnan jökla en minnst á afréttum norðurhálendisins.

## Landbúnaður

### Andakíll

Samkvæmt Landnámabók er Hvanneyri í Andakíl landnámsjörð og hefur verndarsvæðið því verið nytjað allt frá landnámstíð. Í dag er stundaður öflugur landbúnaður á verndarsvæðinu, t.d. sauðfjárrækt, kúabúskapur og hrossarækt. Á Hvanneyri er rekið stórt kúabú og margvísleg ræktun er stunduð í rannsóknaskyni á svæðinu, s.s. skógrækt og fóðurframleiðsla. Skógrækt er einnig stunduð á afmörkuðum svæðum á verndarsvæðinu, einkum útjöðrum þess, til þess að skapa skjól og tækifæri til útivistar en skógarrjóðrin eru einnig notuð í kennslu. Hestar eru víða á bæjum og engjarnar nýttar til heyöflunar, sauðfjár- og hrossabeitar. Áhersla hefur verið lögð á sambandið milli friðunar og nýtingar. Benda má á að vist blesgæsanna er að hluta til háð því að hefðbundnar landbúnaðarnytjar haldist og má nefna að nýrækt túna er mikilvæg fyrir fæðuöflun gæsanna.

### Landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stórurð

Verndarflokkurinn landslagsverndarsvæði gerir sérstaklega ráð fyrir því að sú starfsemi sem stunduð hefur verið á svæði sem skal friðlýsa í þessum flokki haldi áfram. Á jörðinni Unaós-Heyskálum sem er innan verndarsvæðisins hefur verið stundaður landbúnaður frá landnámi og gert er ráð fyrir samkvæmt friðlýsingunni að hann verði stundaður áfram.

## Orkuvinnsla

### Kerlingarfjöll

Rekstrar- og umsjónaraðilar í Kerlingarfjöllum reka litla vatnsaflsvirkjun. Þeim er heimilt að nýta orku á svæðinu fyrir þá starfsemi sem leyfileg er samkvæmt gildandi deiliskipulagi og í samræmi við samþykkt byggingar- og framkvæmdaleyfi, svo fremi að sú nýting gangi ekki gegn friðlýsingu og verndargildi. Þá er gert ráð fyrir því að orkuvinnslan sé sjálfbær og hafi ekki afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins.



*Ljósmynd: Tjaldstæði í Drekagili í Vatnajökulsþjóðgarði (Vatnajökulsþjóðgarður, Stefanía Eir Vignisdóttir).*

**Reykjanesfólkvangur**
Í Krýsuvík og á fleiri stöðum í Reykjanesfólkvangi er mikið um jarðhitasvæði. Samkvæmt reglum fólkvangsins er hagnýting jarðhita leyfileg í fólkvanginum m.t.t. þeirra laga og reglna sem um slíka nýtingu gilda. Gömul borhola í Seltúni í Krýsuvík hefur m.a. verið nýtt til að leggja vatnsleiðslu að salernum á svæðinu.

## Ferðaþjónusta

Nýtingu ferðaþjónustu af þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum er hægt að skipta í tvennt. Annars vegar starfsemi sem hefur starfsstöð á svæðinu og hins vegar starfsemi sem nýtir sér svæðið án þess að vera með fasta starfsstöð á svæðinu. Dæmi um rekstur með starfsstöð innan þjóðgarðs eða friðlýsts svæðis eru jöklagöngur, íshellaferðir, snjósleðaferðir, kafanir, siglingar, gönguferðir og náttúru- og dýraskoðanir. Undir þessa skilgreiningu má einnig fella gistingu og veitingasölu. Rekstur sem fellur undir nýtingu á þjóðgörðum og friðlýstum svæðum án fastrar starfsstöðvar á svæðinu er t.d. skipulagðar skoðunarferðir, veiðiferðir og hestaferðir, þ.e.a.s. rekstur sem nýtir svæðið í takmarkaðan tíma í senn.

**Þingvallaþjóðgarður**
Þingvallaþjóðgarður er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Þjóðgarðurinn er hluti af hinum geysivinsæla Gullna hring sem ferðaþjónustan gerir út á, en Gullni hringurinn er hringleið sem hefst í Reykjavík og fer um þjóðgarðinn og að friðlýstu svæðunum Geysi og Gullfossi og til baka til höfuðborgarinnar. Í þjóðgarðinum eru fastar starfsstöðvar ferðaþjónustufyrirtækja sem bjóða upp á köfun í gjánni Silfru en einnig er þar gríðarmikil ferðaþjónusta án fastra starfsstöðva, s.s. skipulagðar rútuferðir í þjóðgarðinn. Þingvallaþjóðgarður er á heimsminjaskrá UNESCO.

### Vatnajökulsþjóðgarður

Margir staðir innan Vatnajökulsþjóðgarðs eru meðal mest sóttu ferðamannastaða landsins, eða mest sóttu ferðamannastaða tiltekins landshluta. Má þar nefna Skaftafell, Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi. Ferðaþjónustufyrirtæki eru með fastar starfsstöðvar á nokkrum stöðum í þjóðgarðinum, t.d. við Jökulsárlón, Fjallsárlón og í Skaftafelli. Einnig nýtir ferðaþjónustan svæðin án fastra starfsstöðva, s.s. með skipulögðum ferðum á þessa og aðra áfangastaði í þjóðgarðinum.

## Hlunnindi

Nýting hlunninda á sér stað á mörgum svæðum sem hafa verið friðlýst.

### Látrabjarg

Í friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið er tekið fram að eggjataka landeigenda sé heimil og að um þær fari samkvæmt þeim lögum sem við á.

### Gerpissvæðið

Í friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið kemur fram að nytjar á æðardúni í Seley, sem er innan hins friðlýsta svæðis, haldist eins og áður. Þá kemur einnig fram að æðarrækt á svæðinu sé heimil eins og áður.

## Vísindarannsóknir

Í náttúruverndarlögum kemur fram að þegar verndargildi svæðis sé metið skuli leggja áherslu á vísindalegt gildi, enda eru vísindarannsóknir stundaðar víða á friðlýstum svæðum því þar má oft finna sjaldgæf vistkerfi, auk þess sem friðlýsingin hefur gert það að verkum að náttúru svæðisins hefur ekki verið raskað og svæðið því tilvalið til náttúrufarsrannsókna.

### Surtsey

Friðlýsing eyjarinnar sem varð til í eldgosi 1963 byggir m.a. á því að öll eldstöðin hefur hátt vísinda- og náttúruverndargildi á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða og var eyjan friðlýst vegna þess þegar árið 1965. Sérstakt félag, Surtseyjarfélagið, var stofnað og hefur það stuðlað að skipulagi og eflingu rannsókna á eynni. Surtsey er á heimsminjaskrá UNESCO.

### Vatnajökulsþjóðgarður

Samkvæmt lögum um Vatnajökulsþjóðgarð er eitt af markmiðum þjóðgarðsins að stuðla að rannsóknum á svæðinu. Í gosbeltinu við Vatnajökul eru kjöraðstæður til rannsókna á hraunum, gígum, móbergshryggjum, bólstrabergsbreiðum og stöpum. Í Grímsvötnum eru einstæð tækifæri til rannsókna á átökum elds og íss. Rannsóknir á söndunum við jaðra Vatnajökuls varpa ljósi á myndun slíkra sanda á jökulskeiðum annars staðar í veröldinni. Undanfarin ár hefur vísindafólk á vegum NASA (e. National Aeronautics and Space Administration) komið til rannsókna og æfinga á norðurhálendi Vatnajökulsþjóðgarðs. Svæðið varð fyrir valinu vegna sláandi líkinda þess við tunglið og Mars, en það hefur svipaða jarðfræðilega eiginleika. Vatnajökulsþjóðgarður er á heimsminjaskrá UNESCO.




*Ljósmynd: Friðland að Fjallabaki (Umhverfisstofnun, Þórdís Björt Sigþórsdóttir).*

## Nýting í hafi

### Breiðafjörður

Veiðar á Breiðafirði eru ríkur þáttur í lífi samfélaganna við fjörðinn.

Fiskveiðar og fiskvinnsla eru að langmestu leyti tengd þéttbýliskjörnunum og er fjölbreytileiki nytjategunda mikill. Til viðbótar við venjubundinn nytjafisk hefur verið gert út á hörpudisk, ígulker, beitukóng og sæbjúga.

Nýting æðardúns er mikil og er áætluð meðaldúntekja um 900 kg á ári. Þá fer fram ein mesta þörungavinnsla landsins í Breiðafirði á vegum Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum.

### Látrabjarg

Mörk hins friðlýsta svæðis ná tvo kílómetra á haf út. Mörkin voru ákvörðuð eftir beiðni landeigenda á svæðinu og óskað var eftir umsögn frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR). ANR óskaði umsagnar Hafrannsóknastofnunar. Fram kom í umsögnum þeirra að veiðar með línu sem og handfæri hefðu verið stundaðar á svæðinu á síðustu árum. Í friðlýsingarskilmálum fyrir svæði var því sett ákvæði um að hefðbundnar veiðar í sjó með handfæri væru áfram heimilar.

## Kvikmyndagerð

Kvikmyndaframleiðendur hafa á undanförnum árum leitað í auknum mæli til Íslands eftir tökustöðum fyrir kvikmyndir. Skipt hefur máli að stjórnvöld hafa endurgreitt fyrirtækjum ákveðið hlutfall af framleiðslukostnaði, en einnig hefur íslenska náttúra haft áhrif á þá ákvörðun framleiðenda að koma til landsins. Oft hafa friðlýst svæði á landinu orðið fyrir valinu, sérstaklega þegar leitast er eftir tökustöðum þar sem óraskað landslag á að setja svip sinn á kvikmyndina.



*Ljósmynd: Kverkfjöll í Vatnajökulsþjóðgarði*
*(Vatnajökulsþjóðgarður, Stefanía R. Ragnarsdóttir).*



5

# Efnahagslegur ávinningur friðlýstra svæða

Náttúra Íslands er helsta aðdráttarafl landsins í augum ferðamanna. Þeir vilja heimsækja og upplifa þær fjölmörgu náttúruperlur sem á Íslandi eru. Það er því ekki tilviljun að umgjörð til verndar náttúrunni hefur verið sköpuð um margar af þessum náttúruperlum og þær er því að finna innan þjóðgarða eða annarra tegunda friðlýstra svæða.

Ásókn ferðamanna býr til tekjur því þeir leggja út í kostnað við að komast á friðlýstu svæðin og greiða fyrir þjónustu og vörur á svæðunum eða í nærsamfélögum. Undanfarin ár hafa þessi jákvæðu samfélagslegu áhrif verið nefnd í auknum mæli sem rök fyrir stofnun friðlýstra svæða. Rannsókn Jukka Siltanen um efnahagsleg áhrif Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls dregur fram að áhrifin eru mikil, eða um 3,9 ma.kr. á ári. Heimsóknir gesta í þjóðgarðinn skapa yfir 700 heilsárs- og hlutastörf og yfir 900 m.kr. í skatttekjur. Þá er tekjuskatturinn sem skapast í þjóðgarðinum 14 sinnum meiri en rekstrarkostnaður hans.[22]

Þá benda rannsóknir til þess að hagræn áhrif af rekstri þjóðgarða og friðlýstra svæða á Íslandi séu almennt veruleg, þ.e. margfeldisáhrif séu mikil fyrir samfélögin af því fjármagni sem veitt er til rekstrar svæðanna úr ríkissjóði.[23]

Í rannsóknum Siltanen og Hagfræðistofnunar á hagrænum áhrifum kom í ljós að friðuð svæði drógu að sér þó nokkru fleiri gesti, sem höfðu skipulagt ferðina fyrirfram, en svæði sem ekki eru friðuð. Útgjöldin voru mismikil, en gisting, skoðunarferðir, kaffihús og veitingastaðir voru samanlagt meirihluti kostnaðar gesta á öllum stöðunum. Bendir það til þess að mestar líkur séu á að atvinnutækifæri skapist í þessum atvinnuvegum á friðlýstum svæðum þar sem náttúrutengd ferðamennska byggist upp.

22 *Jukka Siltanen. 2017. Economic Impact of National Parks in Iceland; Case Study of Snæfellsjökull National Park (M.Sc.-lokaritgerð). Háskóli Íslands, https://skemman.is/handle/1946/29005*
23 *Hagfræðistofnun. 2018. Áhrif friðlýstra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi. Hagfræðistofnun, skýrsla nr. C18:08, https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Ahrif_fridlystra_svaeda_5.pdf*

**Ef horft er eingöngu til íslensku þjóðgarðanna sýnir eftirfarandi tafla að hagræn umsvif þeirra eru mikil.**

| Þjóðgarðar | Gestir 2017 | Bein störf | Bein störf / 1000 gestir | Efnahagsleg tengsl (þús. ISK) | Efnahagsleg tengsl (þús. ISK) / 1000 gestir | Heildarskattar (þús. ISK) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull | 392.168 | 670 | 1,7 | 3.606.061 | 9.195 | 1.426.234 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 1.526.523 | 1.860 | 1,2 | 13.393.505 | 8.774 | 4.918.874 |
| Vatnajökulsþjóðgarður | 931.710 | 2.100 | 2,3 | 10.763.083 | 11.552 | 3.874.137 |
| Laki | 7.836 | 21 | 2,7 | 106.827 | 13.633 | 40.302 |
| Skaftafell | 735.728 | 1.887 | 2,6 | 9.700.025 | 13.184 | 3.428.526 |
| Jökulsárgljúfur | 123.770 | 153 | 1,2 | 745.121 | 6.020 | 320.897 |




*Ljósmynd: Á Öskjuslóðum í Vatnajökulsþjóðgarði (Vatnajökusþjóðgarður, Júlía B. Björnsdóttir).*

# Lokaorð

Starfshópurinn vill þakka öllum sem komið hafa að gerð þessarar skýrslu fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Það er einlæg von okkar að skýrslan nýtist vel við stefnumótun fyrir þjóðgarða og önnur friðlýst svæði.

Árni Finnsson, formaður

Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir

Sveinbjörn Halldórsson



*Ljósmynd: Skógafoss (Ivan Kmit, Adobe-stock).*

# VIÐAUKI I: Viðtöl við lykilaðila

*Úrvinnsla og skráning viðtala var í höndum Maskínu.*

## Hver er heildarsýn þín á það hvernig við högum friðlýstum svæðum og þjóðgörðum á Íslandi? Draumsýnin?

### Samstarf eða sameining stofnana

Heildarsýn eða draumsýn margra viðmælenda var að auka samstarf, samvinnu, samlegð og samráð milli stofnana sem sinna þjóðgörðum eða friðlýstum svæðum. Einn viðmælandi sagði að það væru alltof margar stofnanir sem hefðu umsjón með málefnum náttúruverndar – þetta þyrfti að einfalda og færa undir einn hatt. Landgræðslan, Skógræktin og Umhverfisstofnun væru dæmi um stofnanir sem allar koma að náttúruvernd á einn eða annan hátt. Annar sagði að það ætti að vera þjóðgarðastofnun sem hefði yfirumsjón með öllum þjóðgörðum og þar yrði viðhaft víðtækt samráð við alla hlutaðeigandi. Og þriðji nefndi að það væri mikilvægt að mengunarvarnir og náttúruvernd væru undir einum hatti, sem og minjavernd. Samlegð gæti falist í því sem er líkt í stofnununum, t.d. í mannauðsmálum nefndi sá fjórði, þótt ekki mætti tapa sérkennum þjóðgarðanna með að hafa eina stjórn yfir þeim. Enn einn nefndi að hafa þjóðgarðana undir einni stjórn, þótt ætti ekki að setja á laggirnar „þjóðgarðastofnun". Aðrir voru einnig á þeirri skoðun að stofnun þjóðgarðastofnunar, eins og hún var sett fram af fyrrverandi umhverfisráðherra, væri mjög vanhugsuð og ekki vænleg til árangurs. Fleiri ræddu á þessum nótum, til að mynda að einfalda ætti stjórnun þjóðgarðanna og hafa á einni hendi stjórnun náttúruverndar, því það er erfitt að það séu þrjár stofnanir með hana. Þarna gæti Vatnajökulsþjóðgarður verið fyrirmynd hinna, því „samtal" við sveitarfélög væri gert af alvöru þar og stjórnunin væri sameiginleg ábyrgð þeirra og þjóðgarðsins. Þó væri fyrirkomulagið í Vatnajökulsþjóðgarði of flókið svo einfalda þyrfti það en halda í kostina. Annar nefndi að skipulagið gæti verið svipað og í lögreglunni, þ.e. ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar í hverju umdæmi. Þá var efasemdarrödd um algjöra stjórnunarlega sameiningu sem sagði að flækjustigin væru fá í stjórnun Þingvallaþjóðgarðs þar sem boðleiðir eru stuttar vegna þess hvernig stjórnsýslan er uppsett i kringum Þingvelli og því hætta á að einkenni hverrar stofnunar myndu týnast ef sameina ætti þjóðgarðana undir einum hatti. Saga og menning er í forgrunni á Þingvöllum og það er ólíkt þeirri ofuráherslu sem lögð er á náttúruvernd í öðrum þjóðgörðum. Auk þess er ákveðin íhaldssemi nauðsynleg í kringum Þóðgarðinn á Þingvöllum og hann ætti frekar heima í forsætisráðuneytinu.

### Samvinna

Samvinna bæði við heimamenn og aðra hagsmunaaðila var talin mikilvæg af nokkrum viðmælendum og hún kemur einnig fram undir fleiri spurningum síðar í skýrslunni. Þar á meðal nefndi einn að lykillinn að farsælli stjórnun væri samtal ríkis og sveitarfélaga sem hefur tekist mjög vel í Vatnajökulsþjóðgarði. Þeir sem nýta þann þjóðgarð eru ansi margir, en þeir verða að vera með, fá þarf ráðgjöf frá þeim og breikka hóp þeirra – allir verða að hafa rödd, en vanda þarf samráðið. Annar viðmælandi sagði að fjármagn þyrfti að setja í svæðin og efla samstarf við sveitarfélögin, gera sér grein fyrir miklum tilfallandi kostnaði vegna þjóðgarða og friðlýstra svæða. Stjórn svæðanna ætti og að vera í höndum nærsamfélagsins. Þriðji sagði að þjóðgarðsráð væri vel heppnað og það að hafa fulltrúa úr héraði skipti þar miklu máli. Auk þess ættu stóru „praktísku" málin frekar heima hjá stofnunum en þjóðgarðsráðin ynnu að smærri atriðum sem snúa að hverju og einu svæði. Að lokum sagði einn að hægt væri að taka dæmi um hvernig stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur nýtt sér „co-management" þar sem valdinu er dreift þegar ákvarðanir eru teknar. Það hefur gefist vel þótt það sé nokkuð seinvirk leið að fara. Í slíku fyrirkomulagi er aðkoma heimamanna virk og voru fleiri á þeirri skoðun að sú aðkoma væri mjög mikilvæg, með þeim hætti væri áhuga, framlagi og umhyggju heimamanna fyrir svæðunum viðhaldið. Einnig þyrfti að hafa hugfast að nytjaréttur væri virtur. Að lokum nefndi einn viðmælandi að dæmi um heppilegt mál til samstarfs á milli stofnana væri lög um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni.[25]

*25 https://www.althingi.is/altext/151/s/1818.html*

## Minjavernd

Þrír lögðu áherslu á að minjavernd væri mikilvæg í samhengi þjóðgarða og friðlýstra svæða. Þar á meðal kom fram að það væri mikilvægt að Minjastofnun væri alltaf með þegar kæmi að friðlýstum svæðum og þjóðgörðum til að auka veg og virðingu menningar og minja. Annar sagði að auka þyrfti samstarf við Minjastofnun og horfa í auknum mæli til menningarlandslags. Og að ekki væri nóg að varðveita minjar húsa heldur þyrfti að hafa heildarsýn um minjar, leiðir og náttúru almennt. Þá þyrfti að viðhalda vörðum. Þriðji minnti á að nálgunin í minjaverndinni væri oft mýkri en í náttúruvernd. Í minjavernd er auðveldara að endurskoða og meta aftur, sem er síður hægt í náttúruvernd sem hefur oft og tíðum harðari nálgun. Í því sambandi mætti benda á mikilvægi þess að sérfræðingar á hverju sviði fái tækifæri til að sjá um sitt sérsvið, nýta þannig þekkingu og koma í veg fyrir mistök.

## Sveigjanleiki

Í þessari spurningu nefndu tveir viðmælendur mikilvægi sveigjanleika í stýringu þjóðgarða og friðlýstra svæða því að þegar stór svæði eru tekin undir þjóðgarð eða friðlýsingu er mikilvægt að sýna sveigjanleika í notkun og nýtingu. Þegar stór svæði eru undir er hægt að skipta þeim upp í minni svæði sem njóta mismikillar verndar og eru nýtt á mismunandi hátt. Í tilviki svæðis sem er stórt ætti verndin á því að vera misjöfn. Þetta kom fram hjá fleirum í öðrum spurningum.

## Breytingar í áherslum og stjórnun og fleiri ráð

Hér var ýmislegt sem viðmælendur nefndu sem þátt í heildarsýn sinni um hvernig friðlýstum svæðum og þjóðgörðum ætti að haga á Íslandi:

- Að þjóðgarður sé skilgreindur með einföldum og afgerandi hætti til að koma í veg fyrir misskilning og til að auðvelda þeim sem um hann ganga.
- Ef stofna á hálendisþjóðgarð þarf að vinna góða undirbúningsvinnu og þar skiptir máli að fólki sé stýrt inn á svæðin, að öryggi þess sé tryggt og að upplifun sé í samræmi við væntingar.
- Horfa til Noregs og Svíþjóðar þegar kemur að stofnunum í málaflokknum, t.d. að hafa norræna hefð um umgengnisrétt í huga.
- Horfa til BNA með þjóðgarða þar sem saga þeirra er mjög löng og mikil virðing borin fyrir þeim. Á „buffer-svæði“ í útjaðri þjóðgarða gilda strangar reglur.
- Fræða um það hvað felst í friðlýstum svæðum því að oft og tíðum er almenn umræða byggð á einhverjum misskilningi sem hægt væri að koma í veg fyrir með því að koma meiri upplýsingum á framfæri.
- Heimsóknargreining og heimsóknaráætlun getur stutt við hvernig og hvar eigi að byggja upp innviði.
- Huga að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.
- Skuldbindingar stjórnvalda í loftslagsmálum þurfa að fléttast meira inn í friðlýsingar.
- Umsjón friðlýstra svæða, loftslagsmála og lífríkis þarf að hanga saman.
- Þegar land er friðlýst ber að gæta vel að friðlýsingarákvæðum í upphafi og fylgja þeim. Færast minna í fang og standa við það. Ekki eins og var gert í miðhálendisfrumvarpinu.
- Ríkið er óheppilegur landeigandi og því þarf reksturinn að vera sjálfstæður því að þegar ríkið á land getur viðbragð og ákvarðanataka orðið svifasein. Rými þarf því fyrir einkaframtak í uppbyggingu.
- Skýrar reglur um hvar ákvarðanir og ábyrgð liggja til einföldunar fyrir leikendur.
- Okkur vantar skilgreind víðerni og þar á ekki að vera umferð.
- Eitt er friðlýsing og þjóðgarðsvernd, hitt er ákvæði skipulagslaga þar sem land er almennt friðað. Taka minna fyrir því að almenn lög (skipulags- og náttúruverndarlög) vernda mikið náttúruna. Sérstök lög um Breiðafjörð upp úr miðri síðustu öld voru t.d. nauðsynleg, því þá voru ekki skipulagslög um dreifbýli – svipað og er með allt land í dag – og því nauðsynlegt að setja þau á sínum tíma. En nú er þetta síður nauðsynlegt því almennt er land verndað í dag og er háð skipulags- og náttúruverndarlögum.

## 2. Hver er afstaða viðskiptavina/notenda, þ.e. þeirra sem nýta friðlýst svæði og þjóðgarða, til friðlýstra svæða og þjóðgarða að mati þínu?

### Aðgengi

Viðmælendur nefndu hitt og annað sem svar við þessari spurningu og flestir ýmislegt um aðgengi: Náttúran á að vera nýtt en þó aðeins upp að ákveðnu marki. Þjóðgarðar snúast um aðgengi fyrir gesti og að taka á móti gestum. Til eru undantekningar þar sem náttúran ætti ekki vera aðgengileg öllum, t.d. Surtsey þar sem hagsmunir vísindanna eru meiri. Eðlilegt er að byggja upp innviði til að hægt sé að taka á móti fólki þar sem það á við, en á öðrum stöðum er eðlilegt að viðhalda náttúrulegum farartálmum eins og t.d. að ekki sé brúað yfir ár og svo framvegis. Eðlilegt að ekki komist „allir um alls staðar", heldur þurfi sérbúna bíla til að komast leiðar sinnar á sumum stöðum. Slík stýring þekkist víða á hálendinu og var það skoðun margra viðmælenda að í henni væri fólgin mikil vernd fyrir viðkvæm svæði. Á hinn bóginn kemur slík stýring í veg fyrir mikinn mannfjölda sem getur haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem sækja svæðin heim. Sá hópur sem notar þessi svæði er mjög stór og fjölbreytilegur og það þarf að halda því þannig. Ferðaþjónustan notar svæðin mikið en nýting heimamanna er mikilvæg og gæta þarf þess að hún sé ekki fótum troðin. Gaman væri að íslenskur almenningur myndi nýta sér meira friðlýst svæði á suðvesturhorninu. Huga þarf að aðgengi fyrir alla á sumum svæðum en alls ekki öllum. Snæfellsjökulsþjóðgarður er gott dæmi um prýðilegt aðgengi fyrir alla. Þá sækja listamenn og ljósmyndarar sér innblástur þar. Einn spurði: Hvað koma margir og hvað viljum við marga? Heft aðgengi á tilteknum stöðum sem jafnvel þola ekki gríðarlega mikinn ágang – þessir staðir eru ekki settir inn á kort. Sem flestir eiga að fá að njóta þessara svæða án þess þó að átroðningur verði, sagði annar. Einnig að stýring eigi að vera í gegnum gestastofur og skipulagðar ferðir. Jafnvel er spurning hvort nauðsynlegt ætti að vera að fara með leiðsögumanni inn á ákveðin svæði. Sums staðar á að vera umferð en annars staðar ekki, sagði einn. Og annar að fólk ætti að hafa aðgang að náttúrunni og fá að njóta hennar, samt ætti að nýta innviði til að stýra fólki. Nýting fólks á náttúrunni eykur meðvitund þess fyrir henni og eykur sömuleiðis virðinguna sem það ber fyrir henni. Enn einn bætti við: Sum svæði eru mjög viðkvæm og þau þarf að vernda sérstaklega fyrir átroðningi og nýtingu. Ákveðin stýring er fólgin í friðlýsingu. Stórum spurningum er enn ósvarað um hvernig umgengni og umferð eigi að vera háttað.

### Nýting þjóðgarða

Einn viðmælandi sagði að mikilvægt væri að skilningur á fyrri nýtingu og menningu væri til staðar og að samráð væri viðhaft ef koma ætti til breytinga á nýtingu og notkun. Ferðamenn vs. hefðbundnir notendur, á hvaða forsendum er fólk þarna á ferðinni? Að því þurfi að hyggja. Þjóðgarðar eru mjög mikilvægir, sagði annar, þeir varðveita náttúru og minjar og þeir eru fyrir alla. Nýting þeirra þarf að vera skynsamleg og mikilvægt að tillit sé tekið til ólíkra hópa. Þó getur verið erfitt þegar mjög ólík sjónarmið mætast og nánast ómögulegt að koma til móts við alla. Þriðji sagði að öllum þætti vænt um svæðið. Þó er mismunandi þekking á eðli þjóðgarða og sumir hópar hafa ekki nægjanlegan skilning á því t.d. um hvað starfið í þjóðgörðum snýst (þeir spyrja kannski hvort sé verið loka landinu með þessum þjóðgörðum), sem sé sumir notendur skilja það ekki, því vitneskjan frá fulltrúum þeirra skilar sér ekki til notenda. Á hinn bóginn benti annar á að menn skynjuðu kannski ekki að þeir væru komnir í þjóðgarð, tækju því sem sjálfsögðum hlut, og því mætti spyrja um hvaða afstöðu væri verið að ræða og til hvers. Ferðamenn gera ekki greinarmun á þjóðgarði og óbyggðum. Þjóðgarðastofurnar kynna þó þjóðgarðana vel og því fylgir jákvæðni. Enn annar sagði að ná þyrfti utan um fyrirsjáanlegan fjölda ferðamanna í framtíðinni svo hægt væri að byggja upp í samræmi við það og vera í stakk búin að taka á móti þeim. Hann bætti við að samskipti við ferðaþjónustuaðila gætu verið hvöss. Að lokum sagði einn viðmælandi að mikil tækifæri væru í þjónustu á friðlýstum svæðum.

## 3. Hvaða þjóðgarða og friðlýstu svæði mætti stækka, ef það þarf á annað borð? Hvað hefur verið vel gert í þeim efnum og hvar væri hægt að gera betur?

Um helmingur viðmælenda nefndi sérstök svæði sem þyrfti að friðlýsa eða taka undir þjóðgarð, þ.e. Fjallabak til norðausturs, laga mætti mörk þjóðgarðs Þingvalla og stækka til norðurs, Torfajökulssvæði, svæðið í kringum Heklu, sunnanverða Vestfirði, Friðland að Fjallabaki og að Jökulsárgljúfur yrði verndað beggja vegna. Tveir nefndu að fjármagn yrði

að fylgja stækkun. Sumir svöruðu almennt, s.s. að það mætti stækka víða, að það mætti á hálendinu, en að það væri þó pólitísk ákvörðun og hætt við að það yrði mikill bútasaumur. Þá sagði einn að halda þyrfti svæðunum í minni einingum svo þau gætu verið í höndum síns nærsamfélags. Á hinn bóginn komu fram efasemdarraddir um stækkun, s.s. að kannski væri vænlegra að sinna núverandi svæðum betur – gera myndarlega fyrir þau. Annar sagði að það hefði engin áhrif, t.d. fyrir minjavernd, hvort unnið væri innan þjóðgarða eða utan – mistök væru gerð bæði innan og utan þjóðgarða – sér í lagi í þeim sem Minjastofnun hefur ekki áhrif á eða kemur að stjórn á. Þessu til viðbótar sagði einn viðmælandi að það mætti taka e-r svæði í friðlýsingu sem á því þurfa að halda. Til dæmis hefði Goðafoss verið friðlýstur á sama tíma og miðhálendisþjóðgarðurinn var í umræðunni – en Goðafoss væri mun mikilvægari, því hann væri sérstakt og einstakt fyrirbæri. Miðhálendisþjóðgarðurinn tekur yfir alls kyns land sem ekki þarf að friðlýsa og svo eru hin sem þurfa á vernd að halda. Skoða þarf hvert fyrir sig í smærri einingum, ekki setja allsherjarreglu fyrir ólík svæði. Að lokum sagði einn viðmælandi í þessu samhengi að ná þyrfti utan um hálendið svo að heildarsýn skapaðist. Svæði væru sameinuð til að koma í veg fyrir misskilning þeirra sem þar fara um, um hvað væri leyfilegt. Opinberir aðilar þurfi að standa að kortlagningu á víðernum, þar sem þess sé gætt að þau séu skilgreind á sömu forsendum á öllum stöðum.

### 4. Hverjar eru helstu áskoranirnar sem stjórnvöld standa frammi fyrir með stækkun þjóðgarða eða friðlýstra svæða?

#### Fjármunir

Næstum helmingur viðmælenda nefndi að fjármagn yrði að fylgja stækkun þjóðgarða og friðlýstra svæða: Að fjármagn fylgi stækkun, tryggja fjármuni til rekstrar, fjármagn, að fjármögnun væri helsta áskorunin, að dæmið væri hugsað til enda og fjármagn til bæði rekstrar og uppbyggingar tryggt. Allra þátta rekstrar.

#### Samráð

Þá lögðu nokkrir viðmælendur áherslu á samráð: Passa upp á samráð, lögð sé áhersla á samstarf og skipulag, samtal og samráð og tryggja sátt við sveitarstjórnir með samtali. Tímafrekt samráð leiðir oftar en ekki af sér góða hluti og getur orðið til þess að samstarfið í framhaldinu verði betra. Einn benti á að mikilvægt væri að nytjaréttarhafar hefðu sæti við borðið þar sem ákvarðanir og stefnumótun færi fram. Samvinna við heimamenn sé alltaf til þess fallin að aukin sátt myndist um niðurstöðuna.

#### Aðrar áskoranir

Einn nefndi að stjórnfyrirkomulagið væri áskorun og annar að samræmd stjórn væri mikilvæg sem skilar aukinni samlegð. Þriðji nefndi að innviðum þyrfti að halda við – ekki nóg að byggja þá upp. Þá kom fram að ytri umgjörð væri áskorun, sem og kynning og starfsmannahald. Einnig kom fram að það þyrfti upplýsingagjöf, sem sé af hverju væri verið að friðlýsa tiltekið svæði, og að óþarft væri að auglýsa svæðin út á við sem friðlýst svæði þar sem það getur valdið gremju meðal þeirra sem eru að nota þau fyrir og að fáir hafi vitað af þeim. Fleiri áskoranir voru nefndar, s.s. að heildarsýn vantaði sem og faglega nálgun. Einnig að skortur á ákvarðanatöku hefði valdið því að ríkið yrði af tekjum í gegnum gjaldtöku. Þá var nefnt að aðkoma mismunandi hópa væri mikilvæg og að samráð væri haft við sérfræðinga á hverju sviði til að forðast að mistök yrðu gerð. Einnig að Minjastofnun þyrfti að hafa aðkomu að stjórn þessara mála. Þjóðminjavörður væri t.d. með í tilteknu verkefni en ekki fulltrúi Minjastofnunar, þó að hún hafi lögsögu yfir minjum. Að lokum sagði einn um áskoranirnar að fá þyrfti einhvern til að fylgja ákvörðunum um stækkun eftir og hafa burði til að sinna þeim svæðum vel, svæðið mætti ekki vera munaðarlaust. Og bætti við að frjáls félagasamtök hefðu byggt upp hálendisaðgengi og -menningu, t.d. með gerð stíga og slóða, skála og klósetta (hálendismenning) en þjóðgarðurinn hefði rutt þeim aðeins frá – félagasamtökin yrðu að hafa e-ð að segja með hálendið.

### 5. Hverjar eru helstu áskoranirnar sem stjórnvöld standa frammi fyrir með rekstur og uppbyggingu friðlýstra svæða og þjóðgarða?

Hér voru nokkrar áskoranir nefndar og þrír nefndu fjármagn. Til dæmis að tryggja þarf fjármagn til rekstrar, innviðauppbyggingar og ekki síst til viðhalds, vont að byggja upp en

tryggja ekki að hægt sé að viðhalda því sem gert er og hverju svæði þarf að tryggja það fjármagn sem það þarf svo hægt sé að standa vel að málum. Annar sagði að til þess að geta sinnt vernd þurfi að hafa tíma og fjármagn, ekki bara friðlýsa eða taka landsvæði undir þjóðgarð án þess að sinna því af alvöru. Þriðji sagði að auka þyrfti gjaldtöku þar sem það er hægt.

Í samhengi fjármagns nefndi einn að vernduð svæði skili sum hver talsverðum fjármunum til baka en vandræði geti skapast þegar sá sem setur peninga í tiltekin svæði sé ekki sá sami og fær hagnaðinn af því sem svæðin skila til baka. Á hinn bóginn, benti sami á, getur það haft áhrif á upplifun ferðamanna að þurfa að borga sig inn á mörgum stöðum með því að hlaða niður appi eða öðru. Getur það verið slæm viðbót við upplifunina? spurði hann

Fleira en fjármagn var nefnt sem áskorun í rekstri og uppbyggingu, þar á meðal að sveitarfélög þurfi að koma að rekstrinum og annar sagði að samspil verndar og skipulags ætti heima í héraði og að með auknu samráði fengju fleiri aukna ábyrgð í ferlinu og hlutverk. Þriðji sagði í þessu samhengi að auðvelda þyrfti það ferli sem felst í því að koma umsjón svæðanna í hendur einkaaðilum og sveitarfélögum.

Aðrar áskoranir eru að það vanti meiri heildarstefnumótun fyrir landið, uppbygging þurfi að fara fram á jaðri svæðanna en ekki inni á þeim, viðhald þurfi á innviðum og yfirsýn yfir verkefnið og að ekki sé nóg að stimpla með friðlýsingu, það þurfi líka að hugsa allt til enda hvernig eigi að byggja upp og standa sómasamlega að umgjörð svæðisins.

Að lokum nefndi einn viðmælandi að vel hafi gengið hjá Vatnajökulsþjóðgarði sl. 10–20 ár en þó vanti fólk og annar sagði að greiða þyrfti fyrir setu í umdæmisráðum af ríkinu, það þannig gert að „alvörustarfi“, og að aðgengi að menntun í landvörslu þurfi að vera gott um allt land.

### 6. Hvað hefur gengið vel fram að þessu í rekstri friðlýstra svæða og þjóðgarða? Hvað mætti betur fara?

Nokkrir viðmælendur nefndu innviði og Innviðasjóð sem dæmi um það sem vel hefur gengið. Þar sagði einn að lyft hefði verið grettistaki í uppbyggingu á innviðum og Innviðasjóði þar sem hægt er að sækja um styrki til að byggja upp stíga eða önnur mannvirki til að taka á móti gestum og vernda náttúruna fyrir átroðningi. Annar nefndi samræmda nálgun í innviðamálum og landsáætlun um innviðauppbyggingu. Þriðji sagði að Innviðasjóður hefði verið bylting og enn annar að uppbygging innviða hefði tekist vel þó að henni væri ekki nærri lokið og væri í raun aldrei alveg búin.

Fjórir viðmælendur nefndu tiltekna staði, þ.e. að Snæfellsjökulsþjóðgarður sé dæmi um vel heppnað svæði en þar hefur tekist að skila e-u til baka til samfélaganna í kring í formi þjónustumiðstöðva og fleira. Þingvellir eru dæmi um vel heppnaðan rekstur en þar hefur gjaldtakan lukkast vel. Í Skaftafelli hefur vel tekist með að fá erlenda sjálfboðaliða sem hafa komið hingað til lands til að byggja upp göngustíga. Gígur í Þingeyjarsveit er dæmi um vel heppnaðan rekstur og uppbyggingin í kringum Goðafoss vel heppnuð – fjármagn sótt í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Þá nefndu tveir samvinnu við sveitarfélög – það hefur gengið vel að byggja upp ábyrgðarkennd hjá sveitarfélögunum, sagði einn, og almennt er samvinnan ágæt við sveitarfélögin. Tilfinning þeirra er þó að þau séu stundum sniðgengin, sagði annar.

Gestastofur eru dæmi um það sem vel hefur tekist til með, nefndi einn viðmælandi, og annar sagði að uppbygging glæsilegra miðstöðva væri flott.

Landvarsla hefur tekist vel samkvæmt tveimur viðmælendum: Ný kynslóð landvarða hefur komið fram þar sem má sjá aukna fagmennsku og ástríðu fyrir starfi sínu. Auknir möguleikar á menntun á þessu sviði hafa lyft þessari nýju stétt á hærra plan. Landvarsla hefur gengið vel og svokölluð vegalandvarsla er dæmi um góða nálgun. Þá eru allir bílar sem koma inn á tiltekið svæði stöðvaðir og farþegum veitt grunnfræðsla um hvernig á að ganga um svæðið, auk þess sem það gefur ferðamönnum tækifæri til að spyrja spurninga.

Einn sagði að samstarf væri gott milli stofnana og annar sagði að Íslendingar hefðu nýttu COVID-tímann vel til að bregðast við á stöðum sem höfðu orðið fyrir mjög miklum átroðningi á árum áður þegar algjör sprenging varð í komu ferðamanna til landsins. Þá sagði sá þriðji að gott starfsfólk og mikil samstaða meðal þess geri starfið enn betra.

Fjórir nefndu annað sem svar við spurningunni: Áskorun er að auka vitund fólks um hvað þjóðgarður er: Kenna börnum (t.d. á höfuðborgarsvæðinu) um þjóðgarðana. Náttúran er að njóta. Þjóðgarðar gætu unnið betur með þeim sem eru fyrir, þ.e. hagsmunaaðilunum. Miðað við mannskap og fjármagn getum við verið ánægð með reksturinn þótt alltaf sé hægt að gera betur með auknu fjármagni, og bætt var við að það mætti undirbúa friðlýsingar betur sem og að koma betur til skila upplýsingum um ávinninginn af friðlýsingum fyrir land og þjóð.

### 7. Má bæta eða breyta skipulagi þeirra stofnana sem reka svæðin?

Í svörum obba viðmælenda við þessari spurningu kom fram sameining, samráð eða aukið samræmi milli stofnana. Þar á meðal voru fjórir sem nefndu sameiningu: Þjóðgarðastofnun verði yfir öllum þjóðgörðum (sbr. Park Canada) og að þar innan borðs séu fulltrúar frá þeim stofnunum sem hlut eiga að máli. Þannig ættu að vera Þjóðgarðastofnun, Minjastofnun og Umhverfisstofnun og fulltrúar frá hverri stofnun ættu að koma að stórum ákvörðunum í þjóðgörðum. Með Þjóðgarðastofnun væri hægt að auka samlegðaráhrif á milli stofnana. Það þyrfti að sameina þjóðgarðana (skipulagið) og hafa á einni hendi stjórnun náttúruverndar. Ein heildarstofnun, þ.e. Náttúruvernd ríkisins.

Þá kom fram að auka þyrfti samráð og samræmi milli stofnana: Virkt samráð, aukin samræming, sérþekkingu mætti nýta betur á milli stofnana, samnýta það sem gengur vel, auka samráð og samskipti og að hægt sé að auka samræmingu á milli stofnana, auk þess sem leyfisveitingar gætu verið betur samræmdar. Þessu tengt kom fram að ólík uppbygging stofnana gæti leitt til árekstra, margir aðilar koma að þessu – of flókið og mikilvægt að ferlar yrðu gerðir betri. Einn benti á að aukið samráð þessara stofnana við heimamenn sem fyrir væru á svæðunum gæti verið til mjög góðs.

Að lokum voru sértækari ráð gefin um bætt eða breytt skipulag: Ráðgjafarnefndir ættu að vera á einstökum svæðum, sbr. þjóðgarðaráð, og að árekstrar yrðu vegna laga um verndun vatnasviðs Þingvallavatns og við heilbrigðiseftirlitið. Einnig þessi: Mikilvægt væri að einfalda stjórnkerfi Vantajökulsþjóðgarðs án þess þó að missa þetta víðtæka samráð. Gott skipulag er hjá Vatnajökulsþjóðgarði þótt fyrirkomulag ákvarðana mætti vera betra. Og að lokum þessi ráð: Í grunninn á þjóðgarður að vera varanleg friðlýsing. Það ætti því ekki að vera mikil stjórnsýsla í kringum þá – fullmargir koma að þessu. Þá mætti auka og skýra valdsvið svæðisráðanna, því að í raun ætti ramminn í kringum starfsemina að vera þannig að reksturinn vinni eftir skýrum reglum. Stefnumótun og það að hræra í umgjörðinni ætti því að vera óþarft.

### 8. Hver er afstaða þín til fjármögnunar á þjóðgörðum og friðlýstum svæðum? Gjald fyrir þjónustu, aðgengi eða hvorugt (ríkið greiði fyrir reksturinn)?

Allmargir viðmælendur voru á því að greiða ætti fyrir þjónustu eins og sést á þessum svörum, þótt sumir þeirra nefndu einnig aðrar leiðir við gjaldtöku og gjarnan blandaða leið: Menn eiga fyrst og fremst að greiða fyrir þjónustu í þjóðgörðum, bílastæðagjöld, taka hiklaust gjald fyrir þjónustu (klósett og fræðsla), en ekki taka „góngjald“ (ekki gjald fyrir aðgengi). Bílastæðagjald og gjaldtaka fyrir hreinlætisaðstöðu var þar helst nefnt.

Nokkur önnur svör má sennilega telja til þjónustugjalda þótt orðanna hljóðan rími ekki alveg við það. Til dæmis er vísað í notendagjöld fyrir það að nýta þjónustu eða njóta útsýnis: a) Þeir greiða sem njóta, b) notendagjöld þar sem því verður komið við, þar sem það er hægt og svæðin geta borið það. Það kostar að koma upp greiðslukerfum og oft útheimtir það mannskap sem þarf að greiða laun. Þess vegna er ekki einfalt að innheimta bílastæðagjöld eða önnur notendagjöld á sumum stöðum, c) notendagjöld eru heppilegasta leiðin.

Þá komu fram hugmyndir um að þeir sem hafa atvinnu af því að lóðsa ferðamenn um þjóðgarða eða friðlýst svæði ættu að greiða fyrir það: Gjöld á ferðaþjónustuaðila og með því borgi þeir sem fara um landið í gegnum skipulagðar ferðir, með þessu móti greiði þeir sem ferðast á eigin vegum ekki fyrir. Láta þá sem nýta sér þjóðgarða í atvinnuskyni greiða gjald þar sem starfsemi þeirra valdi ágangi á náttúruna. Þar þyrfti að bjóða út takmörkuð gæði, t.d. ferðir í íshella og við Jökulsárlón, og fá þannig gjald til rekstrar þjóðgarðanna. Atvinnureksturinn sem nýti svæðin greiði fyrir notkunina/aðganginn.

Einnig var nefnt að ferðaþjónustan ætti að greiða og jafnvel að nota náttúrupassa eða ígildi hans: Mikilvægt að ferðaþjónustan skili inn í sameiginlega sjóði þar sem hún er

að nýta eina af auðlindum landsins, íslenska náttúru. Hugmynd um að gjald verði lagt á alla bílaleigubíla, en samt kom efasemdarrödd: Hvernig er hægt að innheimta gjald sem leggst bara á erlenda ferðamenn og ekki Íslendinga á ferð um landið? Náttúrupassi væri t.d. innheimtur í gegnum flugmiða. Mögulega mætti fjármagna með skattheimtu, en frekar ættu erlendir ferðamenn sem koma hingað að greiða fyrir en Íslendingar.

Ýmis önnur svör komu við þessari spurningu, þar á meðal um blandaðar leiðir: Samræma gjaldtöku, margar leiðir eru færar og allt spurning um útfærslu og svo að skoða ætti fyrirmyndir af gjaldtöku erlendis frá. Nýta bæði gjaldtöku fyrir þjónustu og/eða aðgengi, allt eftir því hvað á við á hverjum stað og hafa innviðasjóð/láta ríkið leggja til fé. Nota blandaða leið, þar sem eitthvað kemur frá ríkinu í gegnum innviðasjóð og einnig komi inn fjármunir í gegnum gjaldtöku. Fjármagn frá ríkinu og gjaldtaka fyrir aðgengi. Að lokum benti einn viðmælandi á að frítt ætti að vera inn á gestastofur.

Tveir sögðu að innheimt fé ætti að fara í uppbyggingu á staðnum. Og að lokum komu fram efasemdarraddir um gjaldtöku: Þjónustugjöld geta haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem þurfa að greiða oft, sækja mörg mismunandi öpp til að standa skil á greiðslum. Bílastæðagjöld: er sanngjarnt að þeir sem ferðast gangandi eða á hjólum borgi ekki, þar sem þessir aðilar nota einnig klósettaðstöðu sem dæmi? Almannaréttur er að menn geti ferðast um landið og tjaldað til einnar nætur. Þjóðgarður er svo með önnur lög (stjórnunar- og verndaráætlun) og þá eru almenn landslög tekin úr sambandi og bara birt á heimasíðu þjóðgarðsins en ekki í Lögbirtingablaðinu. Aðeins öfugsnúið að fólk er kannski allt í einu komið inn í þjóðgarð án þess að vita af því og þar með að önnur lög gildi þar. Það er kannski rökrétt að menn greiði fyrir aðgang að þjóðgarði – þannig að þeir viti þar með að þeir séu komnir í hann. Og jafnvel þótt menn viti að þeir séu komnir inn í þjóðgarð þurfa þeir að vita að þeir þurfi að fara inn á heimasíðu hans til að átta sig á lögunum. Þetta kann að vera rökrétt, þótt það sé ekki endilega það rétta. Vandamálið er almennu reglurnar sem gilda á landinu, en svo koma lög um þjóðgarða sem standa þeim ofar. Og það leysir ekkert að stækka þjóðgarða – eykur bara árekstrana.

### 9. Hver eru jákvæð eða neikvæð áhrif á nærliggjandi svæði við þjóðgarða og friðlýst svæði?

Viðmælendur tiltóku allnokkur jákvæð áhrif þótt flest þeirra hafi snúist um aukna ferðamennsku og þar með atvinnu: Dregur athygli að viðkomandi svæði og styrkir þannig atvinnuuppbygginu. Jákvæð áhrif á samfélagið og atvinnuskapandi. Kynning á þjóðgörðunum er jákvæð (þjóðgarðsstofur) sem dregur að ferðamenn. Þau eru jákvæð, t.d. hefur störfum hjá ríkinu fjölgað úti á landi við vinnu í þjóðgörðum og þá eykst atvinna, bæði við ferðamennsku og vonandi einnig meðal bænda á svæðinu, en verið er að huga að samvinnu við þá (Vatnajökulsþjóðgarður). Þjóðgarðar efla nærsamfélagið. Þeir eru aðdráttarafl fyrir ferðamenn, virðing nærsamfélagsins fyrir náttúrunni eykst, jákvæð áhrif á lýðheilsu þar sem fólk stundar frekar útivist á þessum svæðum og vernd til framtíðar fyrir komandi kynslóðir. Afleidd störf og aukin tækifæri í dreifðari byggðum, t.d. verslun sem hægt er að reka vegna fjölda ferðamanna og nýtist þannig heimamönnum líka. Jákvæðu áhrifin vegna minja – aukin þekking og aðdráttarafl innlendra og erlendra ferðamanna sem skapar atvinnu. Einn viðmælandi benti á að aukið öryggi fyrir ferðamenn og aðra sem færu um svæðin væri fólgið í því að hafa starfsmenn á vegum Umhverfisstofnunar á svæðunum.

Þá voru neikvæð áhrif einnig rakin: Neikvæð áhrif eru að vald heimamanna og ábyrgð þeirra á svæðum minnkar þegar þau eru friðlýst þar sem stjórn þeirra flyst frá nærsamfélaginu og yfir til Umhverfisstofnunar. „Massatúrismi“ getur valtað yfir minni ferðaþjónustufyrirtæki sem eru fyrir á tilteknum svæðum. Erfitt er fyrir stjórnvöld að hygla litlum og meðalstórum fyrirtækjum í heimabyggð. Friðlýsing takmarkar möguleika á uppbyggingu. Á sumum stöðum verður umferð of mikil og þar með átroðningur og innviðirnir geta ekki staðið undir fjöldanum. Átök geta komið upp um tilhögun verndar. Uppgröftur minja hefur augljós neikvæð áhrif á umhverfið með tilheyrandi raski og foki á jarðvegi.

Önnur áhrif voru og nefnd sem og ráð gefin: Mest eru áhrifin þar sem ferðamenn eru flestir. Mikilvægt er að nýta tækifærin sem koma upp. Áhrifin eru mismikil eftir landsvæðum, bæði vegna fjölda ferðamanna en einnig vegna vel nýttra eða vannýttra tækifæra. Á fámennari svæðum þarf oft minna til að jákvæð áhrif komi fram. Ekki er alltaf sett samasemmerki á milli þjóðgarða og þeirra jákvæðu áhrifa sem þeir hafa í för með sér. Bæta mætti merkingar til að koma í veg fyrir misskilning. Friðlýsingin sjálf gerir lítið, en náttúruperlurnar draga að.

Stimpillinn „þjóðgarður“ út af fyrir sig gerir kannski lítið. Stuðlagil er dæmi um aðdráttarafl náttúruperlu sem dregur að þótt hún hafi ekki verið friðlýst. Þar hefði þó kannski átt að friðlýsa, en var ekki gert svo nú er gengið báðum megin að gilinu í stað þess að stýra með friðlýsingu. Órökrétt kerfi, því að á sama tíma er talað um miðhálendisþjóðgarð þar sem sumt þarf verndunar við en annað ekki.

### 10. Hvernig hefur samvinnan við heimamenn gengið?

Allir viðmælendur sögðu að samvinnan væri almennt góð. Nokkrir nefndu þó árekstra sem upp höfðu komið og þar voru nefnd dæmi um átök um hversu mikla vernd eigi að viðhafa á ákveðnum svæðum eða aðrir hagsmunaárekstrar. Ólík sjónarmið náttúruverndar og minjaverndar voru einnig nefnd.

Einn viðmælandi benti sérstaklega á þá djúpu og miklu þekkingu sem heimamenn hafa oft og tíðum á þeim svæðum sem eru til umfjöllunar og hvernig sú þekking getur leitt margt gott af sér. Samvinna við heimamenn sé þess vegna nauðsynleg. Annar viðmælandi benti á að ekki megi vanmeta þann tíma sem þurfi að gefa sér til þess að samráð geti skilað góðri niðurstöðu fyrir alla. Fleiri viðmælendur töluðu um hversu mikill akkur væri í virku samráði við heimamenn og einn benti á hvernig heimamenn gætu fjarlægst svæðið ef yfirráð yfir því færðust frá þeim og það gæti haft slæmar afleiðingar. Tveir viðmælendur sögðu áberandi betra samstarf við heimamenn þegar allir eru vel upplýstir og að mikilvægt væri að gefa sér tíma til að nálgast og ræða við þá sem virðast tortryggnir gagnvart áformum um friðlýsingu. Einn viðmælandi benti á hvernig áhugi einstaka sveitarstjórnarmanna, eða skortur á áhuga, getur haft áhrif og speglast í ólíkum áherslum sveitarstjórna eftir kjörtímabilum.

### 11. Hvernig gengur að vinna eftir ólíkum lögum, s.s. lögum um náttúruvernd, skipulagsmál og þjóðlendur?

Viðmælendur nefndu ýmis dæmi um árekstra sem höfðu orðið vegna ólíkra laga. Tveir bentu á að með því að búa til einfalt skema af þeim lögum sem ætti að fylgja í sambandi við þjóðgarða og friðlýst svæði mætti koma í veg fyrir ýmiss konar misskilning og draga úr óþarfa vinnu. Þetta geti gerst þegar margir aðilar úr ólíkum áttum komi saman og mörg ólík lög sem þurfi að fara eftir. Einn viðmælandi hafði vonir um að ný lög sem væru í bígerð um land í opinberri eigu gætu einfaldað þessi mál og auðveldað þeim sem vinna að málaflokknum.

Einhverjum þóttu lög um þjóðgarða og náttúruvernd mjög skýr en aðrir voru því ósammála. Vandræðagangur um stjórnfyrirkomulagið á hverju svæði og hver eigi að taka ákvörðun í flóknum málum sé óheppilegur og geti reynst dýrkeyptur. Þá kom einnig fram að fólk sem vinnur að náttúruvernd hafi mismunandi heimildir, sem stjórnast af því fyrir hvaða stofnun það starfar, en það sé ekki heppilegt. Einnig kom fram að ekki væri hægt að uppfylla öll skilyrði náttúruverndar vegna skorts á fjármagni og mannskap.

Sjónarmið um að skipulagsvald ætti ekki vera í höndum sveitarfélaganna kom fram, þar sem ekki væri rétt að afdrifaríkar ákvarðanir fyrir náttúrna væru í höndum örfárra einstaklinga sem jafnvel rötuðu inn í sveitarstjórn af tilviljun. Þetta væru oft og tíðum einstaklingar sem hefðu ekki nægilega fagþekkingu til að taka slíkar ákvarðanir. Einnig væri glapræði að ákvarðanir sem þessar væru aðeins í höndum heimamanna á hverjum stað þar sem náttúran væri sameign allra landsmanna. Aðrir viðmælendur voru þessu algjörlega ósammála og sagði einn að skipulagsvald sveitarfélaganna ætti að „trompa“ annað og að aðlaga þyrfti verndaráætlanir um þjóðgarða og fleira í þeim dúr að skipulagsmálum sveitarfélaganna.

Viðmið Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) kom upp í umræðunni, hversu mikilvægt það væri að tekið væri tillit til íslenskra aðstæðna þegar þau væru skoðuð og hvernig sumt ætti alls ekki við hér á landi. Aukið alþjóðastarf var einnig nefnt sem og aukið vægi Bernarsamningsins.

### Fleira sem viðmælendur nefndu voru:

- Skilgreiningar á almannarétti og eignarrétti
- Samstilling á milli Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar

- Viðmið Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) og íslensku náttúruverndarlaganna geta stangast á
- Vernd og skipulagsskylda á þjóðlendum
- Náttúruverndarlög rekast á lög um þjóðgarða

### 12. Hvernig gengur stjórnsýslan og samskipti við stjórnvöld?

Almennt létu viðmælendur vel af þeim samskiptum sem þeir höfðu átt við stjórnvöld. Hins vegar höfðu komið upp smávægilegir „núansar“ hér og þar og nokkrir nefndu að viðhorf þeirra einstaklinga sem væru í forsvari hverju sinni gæti haft mikið að segja. Tveir viðmælendur nefndu að ólíkar skilgreiningar á lögum og reglum gætu oft valdið misskilningi sem erfitt gæti reynst að leysa úr. Annar talaði um mikilvægi þess að samskipti við sveitarfélögin væru höfð í forgrunni.

Einum viðmælanda fannst rót þess vanda þegar illa gengi í þessum samskiptum vera skortur á heildaryfirsýn af hálfu stjórnvalda yfir málaflokkinn og undirstrikaði um leið mikilvægi þess að náttúruvernd myndi heyra undir eina stofnum en væri ekki á borði margra eins og nú er.

### 13. Hver er staða samgangna í þjóðgörðum? Vegakerfi, gönguleiðir, hjólreiðar og mannvirki?

Allmargir viðmælendur nefndu að staðan á þessum mannvirkjum væri nokkuð ólík, sums staðar væri staðan býsna góð en annars staðar væri talsvert verk óunnið. Þingvellir voru nefndir sem dæmi um stað þar sem staðan væri með besta móti. Einn viðmælandi benti á að þessi uppbygging tæki tíma, sér í lagi ef vanda ætti til verka og bætti við að hléið sem hefði myndast í ferðamannastraumnum vegna COVID hefði verið vel nýtt til ýmiss konar uppbyggingar. Nokkrir viðmælendur töluðu um mikilvægi þess að bjóða ólíka hópa velkomna inn á svæðin með því að gera sérstaklega ráð fyrir þeim. Aðgreining ríðandi, hjólandi og gangandi umferðar væri liður í því og kæmi í veg fyrir óþarfa árekstra. Nú væri t.d. mikil aukning í hjólandi umferð og ekki hefði gefist tími til að byggja upp sérstaka hjólastíga í takti við ört auknar vinsældir. Aðrir viðmælendur voru ósammála því að aðgreina þyrfti ólíka umferð og sögðu mikilvægt að ólíkir hópar gætu nýtt sér sömu slóða og stíga með því að taka tillit hver til annars. Tveir viðmælendur sögðu bestu verndina fyrir náttúruna vera fólgna í því að stika göngu- og hjólaleiðir innan sem utan þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Einn viðmælandi nefndi góða lausn til að leysa úr þeirri stöðu sem komin er upp víða á hálendinu í málefnum vegauppbyggingar og vegslóða væri aðgera þjónustusamninga við ýmist sveitarfélög eða nytjafélög. Með þeim hætti væri hægt að virkja fleiri og jafnvel gæti það orðið kappsmál fyrir sveitarfélögin að standa myndarlega að uppbyggingu og umhirðu vega innan síns svæðis. Nauðsynlegt væri að huga að umferð um hálendið og þáekki síst til þess að tryggja öryggi ferðamanna sem þar færu um. Nokkrir viðmælendur nefndu hvernig náttúrulegar hindranir gætu verið nýttar sem stýring og hvernig hægt sé að viðhalda þeim með því að ráðast ekki í umfangsmikla vegagerð með brúm og öðru tilheyrandi. Mikilvægt sé að það sé ekki allra að komast inn á ákveðin svæði heldur þurfi til þess breyttajeppa. Í því samhengi benti reyndar einn viðmælandi á hversu ánægjulegt það yrði þegar slíkir bílar gætu nýtt endurnýjanlega orkugjafaeins og rafmagn. Það þyrfti þó að huga að viðhaldi þeirra vega og slóða sem fyrir væru til að styðja við þá umferð sem færi um svæðin og koma í veg fyrir að hún ylli skemmdum. Slík uppbygging geti komið í veg fyrirutanvegaakstur.

Einn viðmælandi lýsti þeirri skoðun sinni að öll uppbygging ætti að takmarkast við jaðra friðlýstra svæða og þjóðgarða þar sem innan þeirra eigi allt að vera ósnert. Þá ætti sú uppbygging sem ráðist væri í á þessum jaðarsvæðum að vera með þeim hætti að hún nýttist nærsamfélaginu sem best. Annar viðmælandi nefndi að margt spennandi væri framundan í uppbyggingu innviða í og við þjóðgarða og friðlýst svæði og nefndi heimsóknarhönnun. Með henni á að setja sig í spor þeirra gesta sem komaá svæðin og koma sem best til móts við þarfir þeirra og væntingar með þeirri uppbyggingu sem ráðgerð yrði í framhaldinu.

### 14. Hver er hinn efnahagslegi ávinningur, einkum fyrir atvinnulífið?

#### Ferðaþjónustan og atvinnutækifæri

Í svörum við þessari spurningu bar ferðaþjónustuna og önnur atvinnutækifæri á landsbyggðinni oftast á góma. Náttúran er sú auðlind sem ferðaþjónustan nýtir mest enda óumdeilanlegt aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn. Margir viðmælendur nefndu einnig afleidd störf ferðaþjónustunnar og hvernig atvinnutækifæri tengd hvoru tveggja gætu styrkt samfélög á landsbyggðinni. Einn viðmælandi benti á að hérlendis væri svigrúm til að gera betur í miðlun upplýsinga og þekkingu og nefndi upplifunarmiðlun í því samhengi.

Uppbygging innviða Samhliða auknum straumi ferðamanna fylgir í sumum tilfellum uppbygging innviða sem nýtast þeim sem fyrir búa á svæðunum, en á þetta bentu nokkrir viðmælendur. Einn nefndi dæmi af því hvernig aukinnferðamannastraumur í mjög litlu bæjarfélagi hefði orðið til þess að loks væru forsendur fyrir rekstri dagvöruverslunar.

#### Verndun til framtíðar

Þrír viðmælendur nefndu hversu mikil verðmæti væru fólgin í því fyrir komandi kynslóðir að vernda náttúruna í núverandi mynd til frambúðar. Á það væri ekki hægt að setja verðmiða.

#### Að grípa tækifærin

Einn viðmælandi benti á hversu mikilvægt það væri að umgjörð í kringum þjóðgarða og friðlýst svæði væru með þeim hætti að mögulegt væri fyrir heimamenn að skapa sér atvinnutækifæri í tengslum við svæðin. Þar gætum við gert betur og einfaldað regluverkið.

### 15. Er nauðsynlegt að takmarka aðgengi til að hlífa viðkvæmum svæðum?

Allir viðmælendur voru sammála um að hlífa þyrfti viðkvæmum svæðum en þó í mismiklum mæli. Þannig nefndi einn viðmælandi að þess gerðist aðeins þörf þegar mikil aurbleyta myndaðist.

#### Átroðningur og upplifun gesta

Allir viðmælendur fyrir utan einn bentu á mikilvægi þess að viðkvæm svæði væru vernduð fyrir átroðningi ferðamanna og að þannig væri komið í veg fyrir skemmdir á viðkvæmri náttúru. Einnig bar á góma í umræðunni að upplifun þeirra gesta sem sækja svæðin heim þarf að vera í samræmi við þær væntingar sem til þeirra eru gerðar. Tveir viðmælendur töluðu sérstaklega um hversu ómetanlegt það væri að eiga enn svæði sem hefðu „ósnertan blæ“ og mikilvægt væri að vernda slíkt. Í því samhengi voru Askja og Hornstrandir nefndar.

Einn viðmælandi benti á að landið gæti verið uppselt og líkti því við þegar uppselt er í leikhúsi. Ef seldir eru fleiri miðar en sætafjöldinn leyfir hefur það augljós áhrif á upplifun fólks. Viðkomandi velti einnig upp þeim annmörkum sem fylgja því að svæði séu uppbókuð og hvort fólk myndi þá leggja og/eða tjalda utan skipulagðra svæða, eða fer það inn á svæði án þess að greiða fyrir ef svæðin eru ekki afgirt? Annar viðmælandi benti á að það að friðlýsa svæði gæti valdið aukinni ásókn með tilheyrandi átroðningi. Það að friðlýsa svæði geti aukið flækjustig í uppbyggingu og hvernig henni mætti vera háttað.

#### Tímabundnar lokanir

Einhverjir viðmælendur nefndu að í einstaka tilfellum þyrfti að loka aðgengi að stöðum tímabundið til að koma í veg fyrir óafturkræfar skemmdir, t.d. í leysingum eða miklum rigningum þegar jarðvegur er mjög viðkvæmur fyrir raski.

### 16. Hvað með þjóðlendur? Hvernig er þeim stýrt í samanburði?

Skoðanir viðmælenda á ágæti þess hvernig þjóðlendum væri stjórnað voru skiptar. Á meðan einn viðmælandi var afar hrifinn af því fyrirkomulagi sem væri í kringum þjóðlendur voru aðrir mjög ósammála því. Einn kostur sem nefndur var um stjórn þjóðlenda var skipulagsvald heimamanna og að þannig væri því best háttað. Aðrir viðmælendur bentu á að lítið sem ekkert utanumhald væri með þjóðlendum hérlendis og því mætti segja að þeim væri alls ekki stýrt að neinu leyti. Einn talaði um þá góðu vinnu um þjóðlendur sem unnin hefði verið undir forystu starfsmanna forsætisráðuneytisins og að í þeirri vegferð

hefði skapast góð sátt um þjóðlendur. Hugsanlega mætti nýta þá reynslu til að skapa álíka sátt um þjóðgarða og friðlýst svæði. Aðalatriðið í þeirri sátt væri sameiginlegur skilningur allra sem hlut eiga að máli á því hvað felist í þjóðlendum.

Einn viðmælandi benti í þessu samhengi sérstaklega á mikilvægi þess að ein stofnun á vegum hins opinbera bæri ábyrgð á þjóðlendum sem og öðru landi í ríkiseigu sem ekki væri í byggð.

### Aukaspurningar ætlaðar fulltrúum stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins:

Hver er staðan varðandi fjárfestingar í tengslum við landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum? Svarendur voru sammála um að þessi mál væru í ágætum farvegi en að víða væri verk óunnið. Tveir svarendur bentu á að til að hægt væri að standa betur að landsáætlun vantaði bæði aukinn mannskap og eftirfylgni, en með auknum mannskap væri að sama skapi auðveldara að sinna eftirfylgni betur.

Hver er staðan varðandi aðra innviði sem landsáætlun styrkir ekki, s.s. húsnæði fyrir starfsmenn, húsnæði starfsstöðva og vegi/slóða? Svarendum bar saman um að stærsta vandamálið væri að fá húsnæði fyrir starfsfólk þar sem víða væri skortur á því í litlum bæjum á landsbyggðinni. Þessi húsnæðisskortur gæti reynst hamlandi þegar auglýstar væru sérfræðistöður á landsbyggðinni þar sem stundum reynist ógjörningur að finna húsnæði fyrir réttu manneskjuna í starfið. Þá getur niðurgreiðsla á leiguhúsnæði verið íþyngjandi fyrir þær stofnanir sem þurfa að grípa til þess ráðs. Eins og í mörgum öðrum spurningum kom hér fram í umræðunni að hægt væri að ná fram auknum samlegðaráhrifum milli stofnana með aukinni samvinnu, t.d. við Framkvæmdasýslu ríkisins í þessu tilfelli.

### Hver er staða stjórnunar- og verndaráætlana?

Enn hefur ekki verið unnin stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þau svæði sem friðlýst voru á árunum 2019–2021. Ferlum við gerð áætlananna hefur nú þegar verið hagrætt og þeir „fíniseraðir“ en þó vantar enn upp á hraðann við gerð þeirra, benti einn viðmælandi á. Þýðingarmestu svæðin hafa verið sett í forgang en mikilvægt er að klára gerð þeirra fyrir öll friðlýst svæði. Annar viðmælandi benti á hversu heppilegt það væri að ráðast í átaksverkefni við gerð stjórnunar- og verndaráætlana af hálfu núverandi umhverfisráðherra líkt og það átak sem forveri hans í starfi gerði í friðlýsingum, sérstaklega í ljósi þess að gerð

stjórnunar- og verndaráætlana er mikilvægur þáttur í því að ný svæði séu friðlýst.

# VIÐAUKI II: Viðmælendur í djúpviðtölum Maskínu

- Ingibjörg Halldórsdóttir, starfandi framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Auður H. Ingólfsdóttir, formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Einar Á.E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.
- Vilhjálmur Árnason, formaður Þingvallanefndar.
- Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar.
- Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri náttúruverndar hjá Umhverfisstofnun.
- Valtýr Valtýsson, Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Dagbjört Jónsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.
- Jón Jónsson, lögfræðingur.
- Sigrún Helgadóttir, náttúrufræðingur.

# VIÐAUKI III: Landshlutakort




*Landshlutakort – Reykjanes.*




*Landshlutakort – Höfuðborgarsvæðið.*




*Landshlutakort – Vesturland.*




*Landshlutakort – Vestfirðir.*




*Landshlutakort – Norðurland.*




*Landshlutakort – Norðausturland og Austurland.*




*Landshlutakort – Suðurland.*

# VIÐAUKI IV:

## Framlög úr landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

| Heiti staðar | ID nr. | Heiti verkefnis | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Andakíll, Blautós og | VL020a | Merkingar á friðlýstum svæðum á Vesturlandi (Andakíll, Blautós og Innstavogsnes, Geitland) | 0 | 0 | 3.800.000 | 0 | 0 |
| **Andakíll, Blautós og Innstavogsnes, Geitland Alls** | | | **0** | **0** | **3.800.000** | **0** | **0** |
